



Stúdentafélag
Háskólans á Akureyri

ÁRSSKÝRSLA SHA 2023-2024



Ársskýrsla

Stúdentafélags Háskólans á Akureyri



2023-2024



Stúdentafélag
Háskólans á Akureyri

Útgefandi
Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

Ritstjóri

Sólveig Birna Elísabetardóttir

Árskýrsla 2023-2024

Efnisyfirlit

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri..... 6

| | |
|--|-----------|
| Ávarp formanns | 6 |
| Skýrsla Stúdentaráðs | 11 |
| Stúdentaráð | 11 |
| | 12 |
| Skýrsla Framkvæmdastjórnar | 13 |
| Framkvæmdastjórn | 13 |
| Aðalfundur Stúdentafélags Háskólans á Akureyri 2024 | 16 |
| 1. Fundur settur | 16 |
| 2. Kosning fundarstjóra og fundarritar | 16 |
| 8. Önnur mál – Ályktun | 16 |
| 3. Skýrsla framkvæmdastjórnar um störf félagsins á liðnu ári | 18 |
| 5. Lagabreytingar | 18 |
| 6. Kosningar í framkvæmdastjórn SHA | 24 |
| 7. Kosningar í önnur embætti | 25 |
| 8. Önnur mál | 26 |
| Landssamtök íslenskra stúdenta..... | 27 |
| Hvað er LÍS?..... | 27 |
| Verkefni LÍS | 28 |
| Stefnumótun..... | 28 |
| Samstarfsvettvangur..... | 29 |
| Það helsta á árinu | 29 |
| Verkefni SHA vegna LÍS..... | 29 |
| Skýrslur fastanefnda SHA | 30 |
| Alþjóðanefnd | 30 |
| Kynninganefnd..... | 32 |
| Viðburðarnefnd..... | 35 |
| Skýrslur stúdenta í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri | 37 |
| Háskólaráð | 39 |
| Gæðaráð | 43 |
| Jafnréttisráð..... | 44 |
| Umhverfisaráð | 45 |
| Stjórn FÉSTA | 47 |
| Aðildarfélag SHA | 48 |
| Ársskýrsla Data | 50 |
| Ársskýrsla Eirar | 55 |
| Ársskýrsla Kumpána..... | 61 |
| Ársskýrsla Magister | 65 |
| Ársskýrsla REKA | 72 |
| Ársskýrsla Stafnbúa | 75 |
| Ársskýrsla Þemis..... | 78 |
| Ársreikningur Stúdentafélags Háskólans á Akureyri..... | 82 |
| Ársreikningar aðildarfélaga | 85 |
| Ársreikningur Data | 85 |
| Ársreikningur Eirar | 86 |
| Ársreikningur Kumpána | 89 |

| | |
|-----------------------------|----|
| Ársreikningur Magister..... | 91 |
| Ársreikningur Reka..... | 93 |
| Ársreikningur Stafnbúa..... | 94 |
| Ársreikningur Þemis | 96 |

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

Ávarp formanns

Það hefur verið mikill heiður og forréttindi að gegna embætti forseta Stúdentafélags Háskólans á Akureyri síðastliðin tvö ár. Ég vona heitt og innilega að stúdentar hafi verið ánægðir með störf mín. Ég hef frá fyrsta degi lagt allt mitt og meira til í Stúdentafélagið og gert eins vel og ég mögulega gat hverju sinni. Háskólaumhverfið er oft á tíðum svolítið flókið og ég kynntist því fljótt, hélt kannski að það væri auðveldara að breyta einhverju sem við værum ósátt með og svo framvegis. Það er þó ekki svo einfalt, en ég hef lagt mig alla fram, á hverjum degi og gert mitt besta til að standa vörð um hagsmuni ykkar allra. Ég hef verið óhrædd við að segja mínar skoðanir og koma sjónum stúdenta að, hvar og hvenær sem er, því er ég stolt af.

-Það að hafa fengið tækifæri til að starfa í þágu stúdenta í ólíkum embættum í stúdentaráði síðastliðin fjögur ár er stórt hlutverk. Þetta er ábyrgðarfullt hlutverk, fjölbreytt, krefjandi og gefandi. Það skemmtilegasta sem ég hef gert, en einnig oft á tíðum það erfiðasta. Þegar ég horfi til baka og lít um öxl og hugsa um þessi fjögur ár, þá er ótrúlega margt sem við höfum afrekað saman sem hópur en á sama tíma hefur þetta stundum reynst alveg drullu erfitt.

HA er ekki bara skóli fyrir mér, heldur eitthvað miklu meira sem erfitt er að útskýra og setja í orð, fólk í kringum mig sem hafa ekki verið í HA skilja mig ekki. Og þeir stúdentar sem koma hingað einungis til að sækja gráðuna sína skilja mig heldur ekki. Alltaf þegar ég reyni að útskýra hvað HA hefur gert mikið fyrir mig þá kem ég því ekki almennilega frá mér, ég finn ekki réttu orðin til að lýsa því nægilega vel. Á þessum fjórum árum hef ég stækkað tengslametið mitt margfalt. Ég hef myndað tengsl við fjölbreyttan hóp einstaklinga úr ólíkum áttum sem í dag eru mínir allra bestu vini og það er HA sem leiddi okkur saman. Það er því ekki að ástæðulausu sem ég sé búin að húðflúra merki háskólans á ökklað minn, það má því segja að skólinn verði ávallt partur af mínu lífi.

Það er heilmikið af fjölbreyttum verkefnum sem framkvæmdastjórn SHA tekur að sér, sem ekki allir eru meðvitaðir um. Verkefni sem stúdentar sjá ekki, vita ekki af og eru bara svona partur af þessu öllu. Með einhverjum hætti mættu þessi verkefni kannski vera sýnilegri og næsta

framkvæmdastjórn getur hugleitt það hvernig hægt er að auka og bæta upplýsingaflæðið enn frekar. Með auknum tengslum við starfsfólk skólans, höfum við fengið fleiri verkefni á okkar borð sem hafa mörg skilið eftir sig flott og verðugt efni. En með þessum auknu verkefnum færirst enn meira álag á framkvæmdastjórn og stúdentaráð. Þetta aukna álag á fáa einstaklinga er ekki síst komið vegna aukins fjölda stúdenta sem stundar nám eingöngu í fjarnámi. Staðreyndin er sú að það reynist erfiðara að manna verkefni og þátttöku stúdenta. Það er eitthvað sem ég hef áhyggjur af en ég trúi því þó að hér sé hægt að stinga vörn í sókn og gera betur. Því vil ég hvetja ykkur til að taka virkan þátt í stefnumótunavinnu HA, takið þátt þar sem óskað er eftir stúdentum, látið í ykkur heyra, bjóðið fram krafta ykkar og þið sem eruð áhugasöm og mætið, dragið vini ykkar með. Hér er vel hægt að byggja upp sterkt og öflugt námssamfélag, tækifærin eru til staðar og það er undir okkur komið að gera betur. Á starfsárinu hefur framkvæmdastjórn meðal annars átt mánaðarlega fundi með rektor og á haustmisseri ræddum við mikið aukið álag á fáa aðila við Elínu Díönnu starfandi rektor þá, og þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í tengslum við sveigjanlegt nám og námssamfélagið. Hún hlustaði, brást við og hefur nú verið samþykkt að ráða inn starfskraft sem mun starfa náið með SHA til að tryggja samfellu á milli starfsára og veita stuðning og aðstoð þegar við á. Ég fagna því að þetta sé að verða að veruleika og veit að þetta mun gagnast SHA vel til framtíðar.

Ég hef þroskast heilmikið sem einstaklingur, styrkst í því að standa með sjálfri mér og öðrum. Ég hef meðal annars unnið mikið í samstarfi við starfsfólk og stjórnendur ýmissa sviða innan háskólans og er því orðin óhrædd við að taka á skarið og ganga í verk sem ég tel þörf á að bæta eða framkvæma. Ég var til að mynda með þeim fyrstu sem kom inn í hópinn sem tók þátt í að þróa samtalsmiðaða námskeiðsmatið, það hefur verið lærdómsrík vegferð og afrakstur þess ber nafnið Stúdentapúls í dag. Ég er þakklát fyrir þetta tækifæri og jafnframt stolt af vinnunni.

Ég brenn fyrir hagsmunamálum stúdenta og hef ég lengi talað fyrir ýmsum málefnum tengdum þeim. Eitt af þeim eru að lotur í HA eiga að skila árangri, þjappa hópinn saman og um leið styrkja námssamfélagið í skólanum. Ég tel því mikilvægt að bjóða upp á eftirsóknarverðar lotur þar sem eitthvað er gert sem ekki er hægt að framkvæma í skýjunum. Námssamfélagið er stór partur af háskólagöngu stúdenta og þess vegna er ég afskaplega glöð að hafa barist ásamt öðrum stúdentum fyrir málefnum þess, því í stefnuðrögum Háskólans á Akureyri kemur fram að mikil áhersla verður lögð á að byggja upp gott námssamfélag. Það er fagnaðarefni og ég vona að þau

markmið muni nást, ég hef nefnilega fulla trú á því að stúdentar geti það, saman. Háskóli er nefnilega svo miklu meira en gráðan sem við fáum í hendurnar. Það er því mikilvægt að við gerum HA að enn öflugri háskóla til framtíðar, eftirsóknarverðan valkost fyrir stúdenta. Háskóla þar sem stúdentar fá tækifæri til að efla tengslanetið sitt, þar sem áhersla er lögð á raunhæf verkefni, samvinnu við atvinnulífið, við samfélagið og að við séum stúdentar HA séu raunverulega búnir undir það sem koma skal að námi loknu. Einhverjar deildir hafa sofnað á verðinum þegar kemur að lotum og það er undir ykkur komið að pressa á þær deildir um að gera betur.

Ykkur sem hafið unnið með mér síðustu fjögur ár og þá sérstaklega Hermanni, Silju, Rósý og Hönnu sem hafa starfað með mér í framkvæmdastjórn, vil ég þakka enn og aftur fyrir samvinnuna og fyrir að hafa barist með mér. Fyrir að hafa haft trú á verkefnunum okkar, fyrir að hafa borið hag HA fyrir brjósti. Það er ekki sjálfgefið að taka þátt í hagsmunabaráttu og sjálfbodaðastörfum, en ég vona að þið séuð stolt af ykkur sjálfum og sjáið hagninn í þeirri óeigingjörnu vinnu sem þið hafið gefið. Framtíðin er björt og ég er bjartsýn, bjartsýn á að stúdentar HA muni áfram láta mál háskólans sig varða, bjartsýn um að þið munið láta í ykkur heyra, taka þátt í stefnumótun, óska eftir að koma að borðinu, segja ykkar skoðun og vera virk. Bjartsýn um að í næstu gæðaúttekt muni standa að háskólinn og stúdentar hafi bætt námssamfélagið og að það sé sterkt og gott. Já og ætla að leyfa mér að vera bjartsýn um að það verði skyldumæting í lotur a.m.k. einu sinni á misseri í öllum deildum.

Ég kveð nú elsku SHA og mitt annað heimili, sem ég hef gefið notað alla mína krafta í síðustu fjögur ár. Ég mun ganga í burtu með bros á vör og tilbúin til að takast á við næstu verkefni sem bíða mín, hver svo sem þau verða. Ég er þó búin að gráta smá og mun eflaust gráta meira, en það er allt í lagi, það þýðir bara að þetta var allt þess virði og að ég eigi eftir að sakna þess.

Ég vil því nýta tækifærið hér og nú og þakka ykkur, stúdentum Háskólans á Akureyri, fyrir að treysta mér og leita til mín þegar eitthvað liggur ykkur á hjarta. Ég kann virkilega að meta það og ykkur.

Akureyri, 21. mars 2024

Sólveig Birna H. Elísabetardóttir

Forseti Stúdentafélags Háskólans á Akureyri 2023-2024

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Stúdentafélag Háskólans á Akureyri hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþróttá- og fjölskyldumála og stendur á bakvið aðildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflökkum innan sinna deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint. Auk þess sem félagið vinnur náið með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta.

Skýrsla Stúdentaráðs

Stúdentaráð

Stúdentaráð fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra. Stúdentaráð skipa framkvæmdastjórn, formenn aðildarfélaganna og formenn fastanefndanna sem kosnir eru til eins árs í senn auk þess á fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA á sæti í stúdentaráði.

Stúdentaráð starfsárið 2023-2024:

Sólveig Birna H. Elísabetardóttir, forseti

Hanna Karín Hermannsdóttir, varaforseti

Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, fjármálastjóri

Sóldís Diljá Kristjánsdóttir, formaður Data

Erla Salome Ólafsdóttir, forseti Eirar

Rakel Rún Sigurðardóttir, formaður Kumpána

Bryndís Eva Stefánsdóttir, forseti Magister

Hildur Friðriksdóttir, forseti Reka

Fanney Gunnarsdóttir, forseti Stafnbúa

Cristina Cretu, formaður Þemis

Páll Orri Alfreðsson, formaður Alþjóðanefndar

Silja Rún Friðriksdóttir, formaður Kynninganefndar

Berglind Una Unnsteinsdóttir, formaður Viðburðanefndar

Æsa Katrín Sigmundsdóttir, formaður Nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar

Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi stúdenta í háskólaráði

Lilja Margrét Óskarsdóttir, fulltrúi stúdenta í gæðaráði HA

Pistill frá stúdentaráði

Fyrsti formlegi stúdentaráðsfundurinn var haldin 17. apríl 2023. Alls voru 14 manns á þeim fundi. Á fyrsta fundi stúdentaráðs var farið yfir starfsemi félagsins og áætlanir gerðar fyrir komandi starfsár. Fulltrúar stúdentaráðs hafa lagt sitt af mörkum þegar kemur að hagsmunamálum og staðið sína vakt vel og örugglega. Aðildarfélög héldu frábæra viðburði og SHA skipulagði stóra viðburði sem voru vel sóttir.

Líkt og síðustu fjögur starfsár hefur SHA haft þjónustusamning við Stúdentaráð Háskóla Íslands – SHÍ um lánasjóðsfulltrúa SHÍ, en fulltrúinn þjónustar stúdenta HA og annarra opinberra háskóla landsins. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi farsælt samstarf.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Stúdentafélag HA hefur verið aðili að yfirlýsingum LÍS og lagt sig fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki enda er gríðarlega mikilvægt að taka pláss í umræðunni.

Akureyri, 21. mars 2024

Sólveig Birna H. Elísabetardóttir

Forseti Stúdentaráðs 2023-2024

Skýrsla Framkvæmdastjórnar



Sólveig Birna H. Elísabetardóttir, Hanna Karín Hermannsdóttir og Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir.

Framkvæmdastjórn

Undir stúdentaráði starfar framkvæmdastjórn félagsins. Hún samanstendur af forseta, varaforseta og fjármálastjóra SHA. Fjármál og daglegur rekstur félagsins er á höndum þessara þriggja aðila og skulu þeir meðal annars annast miðlun upplýsinga er varða starfsemi félagsins, hafa samskipti við yfirstjórn sem og utanaðkomandi aðila. Þeir geta ekki tekið ákvarðanir um skuldbindingar félagsins án þess að hafa samþykki meirihluta stúdentaráðs á bak við sig. Framkvæmdastjórnin sér um að halda skrifstofu SHA opinni fyrir stúdenta.

Framkvæmdastjórn starfsárið 2023-2024 skipa:

Forseti: Sólveig Birna H. Elísabetardóttir

Varaforseti: Hanna Karín Hermannsdóttir

Fjármálastjóri: Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir

Pistill frá framkvæmdastjórn

Þegar ný framkvæmdastjórn tók við hófu þau vinnu við að skipuleggja starfsárið sem beið þeirra. Nýtekin framkvæmdastjórn hafði mismikla reynslu á nefndarstörfum innan skólans. Sólveig Birna hafði setið í stúdentaráði síðustu þrjú ár, tvö ár sem formaður Magister og eitt ár sem formaður SHA og var því nokkuð kunnug í stúdentaráði. Hanna Karin og Ragnheiður Rós voru að stíga sín fyrstu skref í hagsmunabaráttu stúdenta og var þeim svo sannarlega hent út í djúpu laugina. En hafa svo sannarlega staðið sig vel undanfarið skólaár.

Daginn eftir Aðalfund fór Sólveig Birna ásamt öðrum stúdentum við HA á Landsþing LÍS. Þingið var vel sótt af fulltrúum stúdenta úr öllum helstu hagsmunasamtökum stúdenta á Íslandi og mikilvæg málefni voru rædd. Þema þingsins þetta árið var fjölskyldumál stúdenta. Nýnemadagar HA voru haldnir 18. - 22. ágúst. Stúdentaráð SHA var með grill flesta dagana í hádeginu fyrir nýnema og starfsfólk til þess að bjóða þau velkomin í skólann. Föstudagurinn, 25. ágúst var Nýnemadagur SHA þar sem skemmtilegur ratleikur ásamt grilli var haldið upp í skóla og endaði dagurinn með góðu nýnemapartýi á Vamos. Framkvæmdastjórn hóf starfsárið með nýrri uppfærslu á SHA appinu sem gerir stúdentum kleift að greiða fyrir ýmsa atburði ásamt öðrum möguleikum og tóku stúdentar vel í þessa breytingu. Stúdentaráð var einnig tilbúið að takast á við nýtt skólaár og var hinn árlegi vinnufundur haldinn þann 6. október. Á vinnufundinum var farið yfir stefnu félagsins og starfsemi félagsins kynnt fyrir nýjum fulltrúum. Einnig áttu nokkrir aðilar innan háskólasamfélagsins erindi, þ.m.t. Elín Díanna starfandi rektor, Sólveig María Árnadóttir verkefnastjóri markaðs- og kynningasvið og Lilja Margrét Óskarsdóttir gæðastjóri LÍS og stúdent við HA.

Sprellmót SHA sem er einn af stærstu viðburðum stúdentafélagsins fór fram föstudaginn, 22. september. Mætingin var frábær en um 250 manns mættu og tóku þátt í fjörinu. Mikil eftirsókn var fyrir Sprellmótið og fylltist skráning mjög hratt. Dómarar voru, líkt og áður starfsfólk skólans. SHA tók þátt í Opnum dögum Háskólans á Akureyri 26. október en þar var framkvæmdastjórn með skemmtilegan bás þar sem kynnt var fyrir menntskælingum starfsemi stúdentafélagsins og fulltrúar frá öllum deildum kynntu námið sitt.

Samstarfið við lánasjóðsfulltrúa SHÍ hélt áfram og kom lánsjóðsfulltrúinn norður föstudaginn, 13. október, til að ræða við stúdenta um ýmis mál og boðið var upp á vöflur með. Á Fullveldisdegi Íslands sem oft er kenndur við dag stúdenta er hefð fyrir því að hringja Íslandsklukkunni og ákvað SHA í samstarfi við starfsmenn háskólans að fara um skólann í jólalestinni. Þar var Sólveig Birna, Sólveig María og Sólveig Elín að bjóða stúdentum upp á kakó og smákökur. Stóra Vísó var haldin 25.-28. janúar og var frábær þátttaka, farið var í fimm

sameiginlegar vísindaferðir; Orkusöluna, Blush, Vinstri grænir, Coca-Cola og Uppreisn. Aðildarfélagin stóðu sig mjög vel í skipulagningu sinna vísindaferða og margt fjölbreytt var í boði þar.

Stúdentaráð hélt og skipulagði árshátíð SHA 2024, miðasalan gekk vonum framur og var uppselt á árshátíðina.

Ein beiðni barst í fræðslusjóð SHA en fræðslustyrkur var veittur til Erlu Salome Ólafsdóttur vorönn 2024. Framkvæmdastjórn hefði mátt auglýsa sjóðinn betur.

Við í framkvæmdastjórn erum afar þakklát fyrir það góða samstarf sem við höfum átt við stjórnendur skólans. Við höfum átt reglulega samráðsfundi með rektor sem hafa skilað góðum árangri. Það sem stendur upp úr þessu starfsári er samstaðan og sveigjanleikinn sem einkennir skólann. Fráfarandi framkvæmdastjórn vill þakka stúdentaráði, starfsfólki og stúdentum HA fyrir ógleymanlegt starfsár og óskar nýkjörnum fulltrúum í stúdentaráði velfarnaðar í starfi.

Akureyri, 21. mars 2024

Sólveig Birna H. Elísabetardóttir, forseti SHA 2023-2024

Hanna Karin Hermannsdóttir, varaforseti SHA 2023-2024

Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, fjármálastjóri SHA 2023-2024

FUNDAGERÐ

Aðalfundur Stúdentafélags Háskólans á Akureyri (SHA) var haldinn í fyrirlestrasal M102 í Háskólanum á Akureyri (HA), fimmtudaginn 21. mars 2024, kl. 17:00, auk þess var honum streymt rafrænt í gegnum Teams. Félagsmenn sem mættu í fyrirlestrasal í HA voru 32 og félagsmenn sem mættu rafrænt í gegnum Teams voru 5 talsins.

Fundarstjóri: Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, mastersnemi í Lögfræði

Fundarritari: Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, Viðskiptafræðinemi og Sólveig Birna H. Elísabetardóttir, mastersnemi í Kennarafræði.

1. Fundur settur

Sólveig Birna Elísabetardóttir forseti SHA lýsti fundi settan kl. 17:02 með ávarpi. Sólveig þakkar fyrir traustið, hún þakkar sérstaklega framkvæmdastjórn, stúdentaráði og öllum þeim aðilum sem hafa lagt sitt að mörkum og veitt hjálparhönd á starfsárinu.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritar

Sólveig Birna lagði til að Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, mastersnemi í Lögfræði yrði fundarstjóri og var sú tillaga samþykkt einróma. Þá lagði Sólveig Birna til að Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, Viðskiptafræðinemi og Sólveig Birna yrðu fundarritarar og var sú tillaga samþykkt einróma. Sólveig Birna lýkur máli sínu á því að leggja fram tillögu á breytingu fundadagskráar. Enskumælandi stúdentar áttu að vera með ályktun á ensku undir önnur mál og Sólveig Birna lagði fram að sá liður yrði færður í upphafi fundar en aðrir liðir undir önnur mál myndu halda sér undir önnur mál. Tillaga Sólveigar Birnu varðandi breytingu fundadagskráar var samþykkt einróma.

8. Önnur mál – Ályktun

Lucas og Robert, alþjóðastúdentar kynntu ályktun fyrir hönd alþjóðstúdentanna við Háskólann á Akureyri. Róbert tekur skírt fram að hann virðir Íslendinga og okkar menningu en vilja þó koma tveimur ályktunum á framfæri.

Ályktun eitt fólst í því að minna bilið á milli skiptinemendur og Íslendinga, Robert og Lucas langar að hjálpa SHA við það verkefni. Robert nefnir að það gerist allt of oft að skiptinemar eru ekki með stúdentum sem stunda nám við HA og eru íslenskumælandi, sem hann segir að þurfi að bæta. Hann bætir við að samþykktir SHA hafa ekki verið í tak við tímann, erlendum stúdentar eru að stunda nám við HA lengur en eina önn eins og hefur tíðkast, sumir stúdentar eru jafnvel í 3 ár eins og Íslendingar. Robert leggur til samþykktarbreytingu um að kalla þá international students og hvort það sé hægt að breyta einhver bil á nýju starfsári.

Ályktun tvö fólst í því að bæta upplýsingaflæði fyrir enskumælandi stúdenta á samfélagsmiðlum. Robert nefnir að SHA sé mjög dugleg að pósta á samfélagsmiðla en það sé mikið notað myndbönd þar sem skilaboð birtast oft í og því óskiljanleg fyrir enskumælendur. Einnig notast SHA of mikið við Instagram story þar sem erfitt er að translatea. Robert tekur það fram að hann virði að SHA noti íslensku en segir þú að enskumælandi stúdentar vilja hafa meiri texta þótt hann sé á íslensku til að auðvelda að þýðingu. Einnig nefnir Robert að enska sé ekki móðurmál allra, svo ef textar væru á íslensku myndi það hjálpa þeim að þýða á translate og læra íslensku á sama tíma.

Robert endar á að segja að þetta sé bara byrjunin, jákvæð breyting. Hann telur nokkur dæmi sem hefðu mega fara betur í gegnum starfsárið. Í byrjun árs á nýnemadögum vantaði betri útskýringar á ensku. Þá voru flestir viðburðir sem voru auglýstir á ensku alltaf tengt drykkju, þeir sem voru svo ekki tengdir drykkju voru oft á tíðum ekki á ensku. Einnig nefnir Robert Stóra Vísó, margir vildu taka þátt en þau skildu ekki hvað væri í gangi, héldu að einhverjar vísindaferðir yrðu á ensku sem var svo ekki. Hann nefnir að stór hópur þeirra skiptinema sem fóru í Stóru Vísó hefðu líklegast ekki farið ef þau höfðu vitað að vísindaferðirnar væru allar á íslensku. Hann biðlar SHA að gefa enskumælandi stúdentum tólin til að geta þýtt sjálf upplýsingar. Hann endar á að segja að SHA hefur ekki fylgt tímanum, SHA ætti að setja sig í spor alþjóðastúdenta og að allir ættu að hjálpast að við að vinna að breytingum. Robert opnar fyrir spyrningar, en engar spurningar voru bornar upp.

Hulda þakkar Roberti og Lucasi fyrir og ber til samþykktar þessa stefnu, sem var samþykkt einróma.

3. Skýrsla framkvæmdastjórnar um störf félagsins á liðnu ári

Hulda kynnir skýrslu framkvæmdastjórnar og boðar Sólveigu Birnu, forseta og Hönnu Karin, varaforseta upp á pall. Þær fara yfir ársskýrslu félagsins, störf framkvæmdastjórnar og Stúdentaráðs á liðnu starfsári. Sólveig les skýrsluna upp en þar koma fram helstu atriði er varða hagsmunabaráttu stúdenta á starfsárinu. Hún telur upp þá viðburði sem félagið hefur staðið fyrir og hrósar og þakkar Stúdentaráði og fulltrúum SHA í nefndum og ráðum HA fyrir vel unnin störf. Skýrslu Stúdentaráðs og framkvæmdastjórnar SHA má lesa í heild sinni í Ársskýrslu SHA.

Sólveig endar á að segja stuttlega frá árinu. Hún hrósar aðildarfélögum fyrir alla lotuhittingana og þeirra viðburði. Hún er sjúklega ánægð með allt fólkið sem lagði sig fram í að halda uppi félagslífinu. Sérstaklega þakkar hún Kumpána fyrir að halda viðburði þar sem ekki var áfengi í boði.

4. Skýrsla fjármálastjóra, ársreikningar bornir upp til samþykktar

Ragnheiður Rós, fjármálastjóri SHA fer yfir ársreikninga félagsins. Starfsárið gekk vel og tekur ný framkvæmdastjórn við góðu búi. Hægt er að sjá ársreikning í ársskýrslu SHA. Að lokum þakkar hún fyrir samstarfið og óskar nýrri stjórn velfarnaðar í starfi. Í lokin er ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og er hann samþykktur einróma.

5. Lagabreytingar

Hulda fer yfir samþykktarbreytingar félagsins, en fyrir Aðalfund bauðst félagsmönnum að senda tillögur á samþykktarbreytingum til framkvæmdastjórnar SHA minnst tveimur sólarhringum fyrir aðalfund. Samþykktartillögur voru svo lagðar fram og kynntar á vef félagsins.

Breytingatillögur voru eftirfarandi:

1. Breyting á 6. gr. – Stúdentaráðsfundir

Bæta við „og samskiptasáttmáli“ inn í aðra málsgrein svo setningin myndi hljóða svo: „Fulltrúar skulu kynna sér siðareglur *og samskiptasáttmála* Háskólans á Akureyri og starfa eftir þeim.“ – Tillaga samþykkt einróma.

2. Breyting á 6. gr. – Stúdentaráðsfundir

Bæta við eftirfarandi setningu í lok 6. gr.; *“Forseta SHA er heimilt að bjóða einstaklingum upp á valkvæða mætingu á sérstaka stúdentaráðsfundi. Ekki er heimild til atkvæðisgreiðslu á fundum þar sem þetta ákvæði er nýtt”*

- * Munnleg breytingartillaga á breytingartillöguna: skipta út *“sérstaka”* í *“einstaka”*. Tillaga samþykkt einróma.
- * Munnleg breytingartillaga á breytingartillöguna: *breyta “einstaklingum” í “fulltrúum”*. Tillaga samþykkt einróma.
- Tillaga í heild sinni samþykkt einróma.

3. Breyting á 9. gr. – Starfshættir framkvæmdastjórnar SHA

Bæta við eftirfarandi setningu svo það sé alltaf a.m.k. einn fulltrúi frá stúdentum í FÉSTA þar sem það hefur verið erfitt að manna þá stöðu; *“Framkvæmdastjórn skal tilnefna einn úr framkvæmdastjórn til þess að vera fulltrúi stúdenta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri og einn úr Stúdentaráði til vara til eins árs. Ef ekki næst að manna þessa stöður hefur Framkvæmdastjórn heimild til að auglýsa stöðurnar fyrir félagsmönnum.”*

- Tillaga samþykkt einróma.

4. Breyting á 12. gr. – Fastanendir

Lagt til að nýsköpunar og frumkvöðlanefnd verið lögð niður. Rökstuðningur við þessa tillögu er sú að hún falli betur undir aðra nefnd eins og kynninganefnd þar sem einungis er um 2 viðburði að ræða.

- Engar spurningar bárust, tillaga samþykkt einróma.
- * Stúdentaráð SHA fækkar því úr 16 niður í 15 fulltrúa.

5. Breyting á 13. gr. – Alþjóðanefnd

Bæta við skáletruðu og taka út yfirstrikað í eftirfarandi mgr.;

- 1. mgr. – Alþjóðanefnd er helsti tengiliður stúdentaráðs við skiptinema *og alþjóðlega stúdenta* við Háskólann á Akureyri.
- 2. mgr. – Alþjóðanefnd skipuleggur og stendur fyrir helstu viðburðum fyrir skiptinema *og alþjóðlega stúdenta* við Háskólann á Akureyri.

- 3. mgr. – Stjórn alþjóðanefndar er skipuð af formanni, sem kosinn er á aðalfundi SHA, *tvær fulltrúar alþjóðlegra stúdenta* og fulltrúa hvers aðildarfélags að Data og *Eir Forseta* undanskildum, sem kosnir eru á aðalfundi aðildarfélaganna.

Bæta við mgr. “*Fulltrúar alþjóðlegra stúdenta er kosinn í upphafi haustmisseris í samræmi við 31. gr. samþykka SHA.*”

- Tillaga í heild sinni samþykkt einróma.

6. Breyting á 14. gr. – Kynningarnefnd

Bæta við eftirfarandi setningu sem 7. mgr.; „*Kynningarnefnd er tengiliður SHA við Norðanátt, Icelandic Startups og Gulleggsins og kemur verkefnum þeirra á framfæri meðal stúdenta við HA.*“

- * Sigurjón kom með athugasemd um að bæta við nýsköpunarsetur við mgr.
- * Sólveig Birna kom með athugasemd á athugasemd Sigurjóns. Hún leggur til að það komi frekar inn í verklagsreglur kynningarnefndar. Setja frekar inn í samþykktir SHA á næsta ári þegar setrið er komið með nafn
- Upphagleg tillaga samþykkt einróma.

7. Breyting 16. gr. – Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd

Taka 16. gr. úr samþykktum þar sem búið er að samþykkja að fella nefndina niður.

- Tillaga samþykkt einróma.

8. Breyting 21. gr. – Fjárhagur aðildarféлага

Bæta eftirfarandi við sem 3. mgr.:

Lausafjárstaða aðildarfélags við stjórnarskipti ræðst af fjölda skráðra félaga hverju sinni og skiptist niður í þrjú þrep. Eign aðildarfélags skal aldrei fara undir eða yfir þá fjárhæð þess þreps sem það tilheyrir.

- *Þrep 1 (félagar undir 150): 100-300 þúsund kr.*
- *Þrep 2 (150-299 félagar): 200-600 þúsund kr.*
- *Þrep 3 (félagar 300 eða fleiri): 300-800 þúsund kr.*
- Taka yfirstrikað út og bæta við skáletruðu við eftirfarandi mgr.; ~~Aðildarfélög SHA skulu ekki eiga meira en sem nemur 2.000, kr og ekki minna en 1.000, kr á hvern skráðan féлага við stjórnarskipti. Eign aðildarfélags skal þó aldrei vera undir 100.000, kr og ekki yfir 800.000, kr óháð skráðum félögum. Séu skráðir félagar aðildarfélags færri en 150, þá má eign við stjórnarskipti vera allt að 300.000, kr við~~

stjórnarskipti. Ef lausafjárstaða aðildarfélags er *hærri en þrepið sem það tilheyrir kveður um* er hærri en 800.000 kr. við stjórnarskipti mun það félag ekki hljóta fjárframlag frá SHA næsta skólaár. Mun sá peningur renna í sjóð í þágu stúdenta.

- Taka yfirstrikað út og bæta við skáletruðu við eftirfarandi mgr.; Nú er lausafjárstaða aðildarfélags hærri ~~en 800.000 kr.~~ *þrepið sem það tilheyrir kveður um* við stjórnarskipti og getur stjórn viðkomandi félags sent skriflega beiðni um undanþágu á ákvæði liðar til stúdentaráðs, liggi sérstakar ástæður þar að baki.
- Taka yfirstrikað út og bæta við skáletruðu við eftirfarandi mgr; Sé lausafjárstaða aðildarfélags lægri en ~~100.000 kr.~~ *þrepið sem það tilheyrir kveður um* við stjórnarskipti, skal fjármálastjóri SHA yfirfara bókhald og ársreikninga félagsins. Að lokinni endurskoðun, skal fjármálastjóri ráðfæra sig við faglærðan bókara, sé þess þörf.
- Tillaga samþykkt einróma.

9. Breyting á 28. gr. – Samþykktabreytingar SHA

Taka út kjörstjórn í 2. mgr. og setja framkvæmdastjórnar í staðin.

- * Cristina spurði hvort það hafi ekki verið nú þegar í gildi. Framkvæmdastjórn fór ekki eftir þeim samþykktum vegna mikils álags á kjörstjórn.
- Tillaga samþykkt einróma.

10. Breytinga á 31. gr. – Framkvæmd kosninga (Fyrri hluti)

Liður eitt: bæta við í í Uglunni í eftirfarandi mgr. til að tryggja að ekki sé hægt að svindla.

- 2. mgr. bæta skáletruðu við; “...rafræna kosningu *í Uglunni í samstarfi við KHA.*”
- 3. mgr. bæta skáletruðu við; “...rafrænni kosningu *í Uglunni...*”
- 4. mgr. bæta skáletruðu við; “...rafrænt *í Uglunni.*”
- 5. mgr. bæta skáletruðu við; “...kjósa rafrænt *í Uglunni...*”
- Tillaga samþykkt einróma.

11. Breytinga á 31. gr. – Framkvæmd kosninga (Seinni hluti)

Bæta við skáletruðu og taka út yfirstrikað í eftirfarandi setningu: „Falli atkvæði jafnt við kjör í embætti framkvæmdastjórnar sem og önnur embætti sem kosin eru á aðalfundi, ræður ~~hlutkesti~~ *atkvæði fráfarandi forseta. Ef fráfarandi forseti er í framboði ræður atkvæði varaforseta.*“

- * Erlu finnst hugmyndin sanngjarnari en hlutkesti, en er ekki viss hvort það ætti samt að vera á könnu fráfarandi forseta að ákvarða hver tekur við embættinu.
- * Cristina bendir einnig á að ef öll framkvæmdastjórn er í framboði myndi þetta ákvæði ekki ganga upp.
- * Erla og Cristina komust saman að niðurstöðu og komu með munnlega breytingatillögu þar sem þær vilja breyta upphaflegum samþykktum í eftirfarandi “Falli atkvæði jafnt við kjör í embætti framkvæmdastjórnar sem og önnur embætti sem kosin eru á aðalfundi, ~~ræður hlutkesti~~ er endurkosið á aðalfundi þar sem *meirihluti fundargesta sem hafa atkvæðisrétt ráða.*”
- Munnleg breytingatillaga samþykkt einróma.

12. Breyting á 32. gr. – Á aðalfundi eru að auki kosnir fulltrúar í eftirfarandi embætti:

- Breytta öðrum punkti með því að taka út yfirstrikað og bæta við skáletruðu; Einn fulltrúi í stjórn Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri til ~~þveggja~~ ára *eins árs* og ~~tvö~~ *einn* til vara
- Fella á brott 7. mgr. „Einn fulltrúa í kannanateymi Háskólans á Akureyri til eins árs og einn til vara.“
- Báðar tillögur samþykktar einróma.

13. Breyting á 33. gr. – Framboðsyfirlýsingar skulu berast kjörstjórn á netfangið kjorstjorn@sha.is

Bæta eftirfarandi málsgreinum í lok mgr.: „*Frambjóðendur til embætta sem kosið er um á aðalfundi mega hefja kosningaáróður frá og með miðnætti á áróðursdegi, sem er dagurinn áður en kosning hefst. Það ber skylda að fjarlægja allan kosningaáróður áður en kosning hefst. Brot á þessari reglu geta leitt til ógildingar á framboði. Kosningaáróður inniheldur, en er ekki takmarkaður við, notkun mynda og/eða plakata innan skólahúsnæðis, efni birt á samfélagsmiðlum frambjóðenda, úthlutun á vöru merkt framboðinu, þjónustu veitta í tengslum við framboðið og allar aðrar gerðir auglýsinga er tengjast framboðinu.*”

“*Fráfarandi stúdentaráð skal viðhalda algjörri hlutleysi í garð allra frambjóðenda til embætta sem kosið er um á aðalfundi.*”

- * Dagmar kom upp á mælendaskrá, en hún er á móti báðum liðum breytinga-
tillaganna. Rökfærsla Dalmars er sú núna í ár hafi í fyrsta skiptið síðan 2017
sem stúdentar fá að kjósa, það gerist því mjög sjaldan. Áróður er með einu
kynningum á frambjóðendum og því spilar kosningaráróður mikið inn. Einnig sem
það er gaman að fylgjast með því. Gaman að fylgjast með og allir hafi verið
mjög tillitssamir. Einnig bendir hún á að áróðursstaður sé ekki í HA eins og tíðkast
t.d. í MA en kosningamenning er ekki sambærileg. Kosningaráróður er lítil
lækkandi í MA sem er ekki menningin hér. Aftur á móti bendir hún á að áróður geti
skapað öflugar kosningar. Dagmar ákvað að skoða hvernig kosningar tíðkast í HÍ,
en þar eru engar gildar reglur um kosningaráróður. Þá bendir Dagmar einnig á það
að það sé óraunhæft að fjarlægja allt af samfélagsmiðlum, erfitt að fjarlægja pósta
og að þurfa passa að allir taki það niður. Að ef einhver ættingi gleymi t.d. að taka
niður sé hægt að ógilda kosninguna. Hún telur að það þurfi ekki þetta ákvæði í
okkar kosningum. Einnig gagnrýnir hún annan lið tillögunnar sem kveður á að
fráfarandi stúdentaráð skulu halda algjörri hlutleysi í garð allra frambjóðenda. Hún
segir að það myndi þýða að pakka framboð líkt og var núna væri ekki í boð þar sem
allir frambjóðendur eru í stúdentaráði. Hún segir að það sé sjálfsagt að hópa sig
saman enda hefur það verið liði í kosningum hjá SHA. Einnig nefnir hún að það
sé tjáningarfrelsi í þessu landi.
- * Dagmar kemur því með munnlega breytingatillögu. Hún leggur til
að öll breytingatillagan sé strokuð út og setja eftirfarandi texta í staðinn; „*Ætli
frambjóðendur að notast við kosningaráróður í kosningabaráttu um embætti innan
SHA skal sá kosningaráróður eigi innihalda neitt lítillækkandi eða niðurlægjandi í
garð mótframbjóðenda. Komi það fyrir að kosningaráróður innihaldi lítillækkandi
eða niðurlægjandi ummæli um aðra frambjóðendur hefur kjörstjórn vald til að meta
hvort þurfi að ógilda framboð viðkomandi aðila.*“
- * Cristina kom næst á mælidagskrá, hún nefnir að tillagan hafi verið hennar. Henni
hafi fundist vanta reglur í samþykktirnar þar sem henni finnst ekki vera mikil
kosningamenning til staðar. Að ekkert hafi komið upp nein tilfelli þar sem það hafa
ekki verið kosningar í mörg ár.
- * Dagmar kom aftur upp á mælidagskrá; nefnir að meiri hluti stúdenta séu ekki
staðnemar og því gangi ekki upp að hafa áróður í einn dag. Fjarnemur myndu þá
ekki hafa tíma til að kynna sér öll framboðin.

- Munnleg breytingatillaga Dagmar samþykkt að með meiri hluta of því fyrri breytingatillaga felld á brott.

14. Breyting á 34. gr. – Skipun kjörstjórnar og stjórnarhættir

Kjörstjórn sér til þess að ~~kjörseðlar og kjörkassi séu til~~ *rafræn atkvæðagreiðsla sé til* reiðu á aðalfundi.

- Tillaga samþykkt einróma.

15. Breyting á 35. gr. – Fulltrúi stúdenta í Háskólaráði Háskólans á Akureyri

Bæta við skáletruðu í málsgrein og taka út yfirstrikað; “*Á Aðalfundi SHA annað hvert ár* ~~Í lok ágúst, annað hvert ár, skal boða til kosninga í embætti~~ *skal vera kjörin* fulltrúi stúdenta í Háskólaráð Háskólans á Akureyri til tveggja ára í senn og einn til vara. *Fulltrúi skal hefja störf í ágúst þegar nýtt starfsár háskólaráðs byrjar. Kosning skal fara fram með rafrænum hætti og skal fylgja samþykktum þessum er varðar framkvæmd kosninga. Fráfarandi fulltrúi stúdenta í Háskólaráði Háskólans á Akureyri skal sem hér segir gegna því embætti til 31. júlí 2024 . Skipunartími nýs fulltrúa stúdenta í Háskólaráði Háskólans á Akureyri sem tekur við embætti þann 1. ágúst 2024 skal vera eitt ár. Eftir það skal farið eftir ákvæðum samþykkar SHA.*”

- Tillaga samþykkt einróma.

Allar breytingartillögur voru samþykktar einróma. Loks eru samþykktirnar bornar upp til samþykktar í heild sinni og eru þær samþykktar einróma.

6. Kosningar í framkvæmdastjórn SHA

Fanney Gunnarsdóttir, formaður kjörstjórnar og Erla Salome Ólafsdóttir, fulltrúi í kjörstjórn fara yfir framkvæmd kosninga í framkvæmdastjórn SHA. Tvö framboð bárust í embætti forseta SHA og tvö framboð í varaforseta SHA. Því var haldin rafræn kosning í Uglu samkvæmt 29. gr. samþykta SHA. Kosningar hófust 18. mars og luku fimmtudaginn 21. mars 2024, kl. 14:00.

Fanney kynnir þau framboð sem bárust í stöður framkvæmdastjórnar SHA. Cristina-Silvia Cretu, formaður Þemis starfsárið 2023-2024 og Silja Rún Friðriksdóttir, formaður Kynningarnefndar SHA og varaforseti SHA starfsárið 2022-2023, gáfu kost á sér í embætti

forseta SHA. Kosningar féllu svo að Silja Rún Friðriksdóttir fékk fleiri atkvæði og því nýkjörin forseti SHA. Hanna Karin Hermannsdóttir, núverandi varaforseti SHA og Æsa Katrín Sigmundsdóttir, formaður nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar gáfu kost á sér í embætti varaforseta SHA. Kosningar féllu svo að Hanna Karin Hermannsdóttir fékk fleiri atkvæði og því nýkjörin varaforseti SHA og heldur því sinni stöðu áfram. Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, fjármálastjóri SHA bauð sig ein fram í embætti fjármálastjóra SHA og telst því sjálfkjörin og mun gegna stöðu sinni áfram sem fjármálastjóri SHA.

Framkvæmdastjórn SHA fyrir starfsárið 2024-2025 skipa því: Silja Rún Friðriksdóttir, forseti SHA. Hanna Karin Hermannsdóttir, varaforseti SHA. Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, Fjármálastjóri SHA.

7. Kosningar í önnur embætti

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri óskaði eftir framboðum í eftirfarandi stöður:

- Formenn fastanefnda: í Alþjóðanefnd, Fjarnemanefnd, Kynningarnefnd, Viðburðarnefnd og Nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar.
- Fulltrúi í Gæðaráð Háskólana á Akureyri til tveggja ára og varafulltrúi í Gæðaráð HA.
- Skoðunar maður reikninga Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.
- Tveir fulltrúar í stjórn FÉSTA til tveggja ára og varafulltrúi í stjórn FÉSTA.
- Tveir fulltrúar í jafnréttisráð HA og varafulltrúi í jafnréttisráð HA.
- Einn fulltrúi doktorsnema í vísindaráð Háskólana.
- Tveir fulltrúar í umhverfissráð HA til eins árs og tveir varafulltrúar í umhverfissráð HA.
- Sex fulltrúar í háskólafund HA til eins árs og þrjár varafulltrúar í háskólafund HA.

Sólveig Birna tilkynnir þau framboð sem bárust í önnur embætti. Ekki bárust mótframboð í eftirfarandi stöður og teljast því fulltrúarnir sjálfkjörinir.

- Raket Rún Sigurðardóttir, fulltrúi Gæðaráðs HA til tveggja ára.
- Bryndís Eva Stefánsdóttir, formaður Kynningarnefndar.
- Silja Rún Friðriksdóttir, einn af fulltrúum SHA í jafnréttisráði HA.

Ekki bárust fleiri framboð í stöður innan Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Hulda óskar því eftir fulltrúum í stöður sem á eftir að manna.

- Engin bauð sig fram í stöðu formanns Alþjóðanefndar. Hulda beinir því til framkvæmdarstjórnar að manna það embætti.
- Formaður Fjarnemanefndar fellt niður???? (RÓSÝ Í OKTÓBER AÐ REYNA RITA)
- Karen Ósk Björnsdóttir bauð sig fram sem formaður Viðburðarnefndar og því sjálfkjörin.
- Formaður Nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar fellt niður þar sem enginn bauð sig fram í þá stöðu eftir að samþykktir voru breyttar.
- Cristina-Silvia Cretu bauð sig fram sem varafulltrúi Gæðaráðs Háskólans á Akureyri til eins árs. Hulda beinir því til framkvæmdastjórnar að manna hinn varafulltrúann.
- Rakel Rún Sigurðardóttir bauð sig fram sem skoðunarmaður reikninga SHA og telst því sjálfkjörin.
- Enginn bauð sig í stöður í FÉSTA, Hulda beinir því til framkvæmdastjórnar að manna þau embætti.
- Cristina-Silvia Cretu bauð sig fram sem fulltrúi í jafnréttisráð Háskólans á Akureyri og telst því sjálfkjörin.
- Rakel Rún Sigurðardóttir bauð sig fram sem varafulltrúi jafnréttisráðs Háskólans á Akureyri og telst því sjálfkjörin. Hulda beinir því til framkvæmdastjórnar að manna hinn varafulltrúa í jafnréttisráð HA.
- Enginn bauð sig í stöður í umhverfisráði HA, Hulda beinir því til framkvæmdastjórnar að manna þau embætti.
- Silja Rún Friðriksdóttir, Cristina-Silvia Cretu, Hanna Karin Hermannsdóttir, Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir og Rakel Rún Sigurðardóttir buðu sig fram sem fulltrúa í háskólafund HA til eins árs og teljast því sjálfkjörnar.

8. Önnur mál

Enginn önnur mál voru á fundinum.

Fundi slitið: 19:20

Akureyri, 21. mars 2024

Sólveig Birna Elísabetadóttir
Fráfarandi Forseti SHA

Silja Rún Friðriksdóttir
Forseti SHA

Landssamtök íslenskra stúdenta

Sameinuð rödd stúdenta



Hvað er LÍS?

Landssamtök íslenskra stúdenta, eða LÍS voru stofnuð í Háskólanum á Akureyri þann 3. nóvember árið 2013. LÍS eru samtök háskólanema á Íslandi sem og íslenskra háskólanema á erlendri grundu. LÍS eru regnhlífarsamtök og standa að þeim átta aðildarfélög sem eru í forsvari fyrir stúdenta við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Hólum, Háskóla Íslands og fyrir íslenska stúdenta sem stunda nám erlendis. LÍS eru því í forsvari fyrir rúmlega 20 þúsund íslenskra stúdenta. Hlutverk samtakanna er að standa vörð um hagsmuni háskólanema hérlandis sem og hagsmuni íslenskra stúdenta á alþjóðavettvangi og um leið skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög. Samtökin skulu vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu hagsmunasamstarfi stúdenta og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum háskólum. Þau hafa umboð til samningagerðar, framkomu gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum aðilum fyrir hönd íslenskra stúdenta.

Í fulltrúaráði samtakanna sitja tveir fulltrúar frá hverju aðildarfélagi en á landsþingi tilnefnið hvert aðildarfélag einn fulltrúa til setu í tvö ár. Fulltrúaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan LÍS á milli landsþinga. Í framkvæmdastjórn sitja formaður, varaformaður, ritari, fjármálastjóri, alþjóðaforseti, gæðastjóri, markaðsstjóri og jafnréttisfulltrúi sem kosnir eru í embætti á landsþingi. Framkvæmdastjórn sækir umboð sitt til fulltrúaráðs. Sólveig Birna H. Elísabetardóttir og Erla Salome Ólafsdóttir eru aðalfulltrúar í fulltrúaráði LÍS fyrir hönd SHA og Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir og Silja Rún Friðriksdóttir eru varamenn.

Landsþing LÍS fer með æðsta ákvörðunarvald samtakanna en það er haldið á hverju ári. Þar hittast öll aðildarfélög LÍS og kjósa um helstu málefni samtakanna. Einnig er unnin bæði innri og ytri stefnumótun í samstarfi við framkvæmdastjórn og nefndir LÍS.

Verkefni LÍS

Samtökin halda utan um verkefni af ýmsum toga en helst mætti nefna skipulagningu ýmissa málþinga og viðburða tengdum málefnum stúdenta, þátttöku stúdenta í gæðaúttektum á námi í háskólum landsins, alþjóðastarf íslenskra stúdenta og skipun fulltrúa stúdenta í ýmsar nefndir. Í gegnum þessi verkefni gegna LÍS einnig mikilvægu hlutverki þar sem samtökin vinna að því að stúdentar njóti jafnréttis og að raddir allra hópa innan háskólasamfélagsins heyrast. Þá eru LÍS aðildarfélag að European Students' Union (ESU) sem eru regnhlífarsamtök fyrir landssamtök stúdenta í Evrópu. Þátttaka í starfi ESU krefst þess að fulltrúar sækji ráðstefnur og þing sem haldin eru í Evrópu. LÍS taka þátt í samstarfi NOM sem er bandalag landssamtaka stúdenta á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Stefnumótun

LÍS hefur lagt ríka áherslu á að samtökin séu byggð á sterkum stöðum og er stefnumótun lykilhlutverk í því ferli. Hingað til hafa samtökin nýtt landsþing LÍS sem vettvang til að heyrast sem flestar raddir íslenskra stúdenta og fengið til liðs við sig fagfólk við frekari stefnumótun út frá því. Þema landsþings árið 2016 var nýsköpun og rannsóknir. Á landsþingi 2017 var þemað gæðamál og var yfirskrift þingsins „Hvers virði er mín menntun? Efling stúdenta í gæðamálum“. Á landsþingi 2018 var þemað „Jafnrétti til náms“ og á starfsárinu, í kjölfar þingsins var unnið að jafnréttisstefnu samtakanna sem lögð var fyrir landsþing 2019 og samþykkt þar. Þema landsþingsins árið 2019 var „Sjálfbærni og háskólasamfélagið“. Þema landsþings 2020 var „Velferðarmál og nærumhverfi stúdenta“ en þingið var haldið helgina 6. til 8. mars á Akureyri. Þema landsþings 2021 var „Menntun á umrótartímum“ en þingið var haldið á Bifröst. Næsta þing verður haldið á Hólum í Hjaltadal og er yfirskrift þess „Nýsköpun

og rannsóknir“. Landsþing 2023 var haldið á Akureyri þann 29. mars - 1. apríl Yfirskrift þingsins verður að þessu sinni *Fjölskyldumál stúdenta*. Að lokum var Landsþing LÍS 2024 haldið á Hvanneyri og bar yfirskriftina. Þingið verður haldið í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyrir 7. - 10. Mars

Samstarfsvettvangur

Eitt af mikilvægustu hlutverkum LÍS er að skapa virkan samstarfsvettvang meðal aðildarfélaga sinna. Til þess að fullnægja því hlutverki skipuleggur LÍS viðburði og fundi með það að markmiði að samræma starf íslenskra hagsmunasamtaka. Þetta hlutverk er breytilegt eftir því hvað er í gangi í samfélaginu hverju sinni og stundar því LÍS stöðuga endurskoðun og aðlögun.

Það helsta á árinu

Það var nóg um að vera hjá LÍS og aðildarfélögum þetta skólaár. LÍS og aðildarfélög unnu í sameiningu að herferð um endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna sem bar yfirskriftina.

Verkefni SHA vegna LÍS

Á starfsárinu var lögð áhersla á virka og öfluga þátttöku SHA í LÍS. Fulltrúar okkar hafa því sótt reglulega fulltrúaráðsfundi á vegum samtakanna, mætt á þá undirbúnir og tekið virkan og góðan þátt í starfi á fundum. HA hefur lagt ríka áherslu á virka þátttöku í LÍS síðustu ár enda er vettvangur samtakanna gríðarlega mikilvægur fyrir stúdenta. Á þessum Landsþingi LÍS mætast ólíkir einstaklingar frá ólíkum háskólum, en í grunninn erum við þó öll að berjast fyrir því sama og það er mikilvægt að kortleggja hvað við eigum sameiginlegt og hvernig við getum unnið að því saman, í krafti fjöldans og sameiningar, að bæta aðstæður stúdenta. Ég er virkilega stolt af þátttöku fulltrúa HA á þinginu í ár, þau mættu vel undirbún til leiks og voru óhrædd að taka til máls. Erla Salome og Lilja Margrét lögðu meðal annars fyrir þingið ályktanir um fjöldatakmörkanir í iðjuþjálfun og vanfjármögnun

Skýrslur fastanefnda SHA

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri starfræktar fastanefndir. Þær starfa eftir verklagsreglum, samþykktum af stúdentaráði SHA og eiga formenn fastanefnda sæti í stúdentaráði.

Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd er tengiliður við erlenda nemendur við Háskólann á Akureyri og vinnur náið með starfsmönnum alþjóðasviðs háskólans, Rúnari Gunnarssyni og Hildi Friðriksdóttur. Í alþjóðanefnd sitja formaður sem kosinn er á aðalfundi SHA til eins árs í senn ásamt fulltrúum úr hverju undirfélagi, einn fulltrúi úr hverju félagi, sem kosnir eru á aðalfundum félaganna til eins árs í senn. Alþjóðanefnd starfar eftir verklagsreglum sem settar eru af stúdentaráði ár hvert.

Alþjóðanefnd 2023-2024

Páll Orri Alfreðsson, formaður

Páll Andrés Alfreðsson, fulltrúi Reka

Emilía Björt Pálmarsdóttir, fulltrúi Kumpána

Hrafnhildur Fönn Ingjaldsdóttir, fulltrúi Þemis

Pistill frá Alþjóðanefnd

Ánægjulegt starfsár að baki. Ekki var eins mikið af viðburðum og vonast var eftir en þeir sem haldnir voru heppnuðust vel. Alþjóðlegir nemendur tóku margir hverjir þátt í nýnemadögum og kom það á óvart hversu algengt það var að skiptinemar og Íslendingar væru saman í hóp.

Á síðastliðnu ári hafði verið stofnaður WhatsApp hópur með skiptinimum sem reyndist vel, og var því endurtekin á þessu ári í ár til þess að stuðla að betri samskiptum við skiptinema. Í þeim hópi var látið vita af ýmsum viðburðum sem voru ótengdir skólanum sjálfum, svo sem skokk með forsetanum, Októberfest í Reykjavík og Kvennagangan. Þar að auki voru auglýstir viðburðir sem tengdust skólanum, líkt og Sprellmótið og nemendur hvattir til þess að ganga í stúdentafélög. Þann 22. september var haldið sprellmót, og skiptinemar mættu þar og höfðu mikið gaman af, þrátt fyrir að mikið hefði verið um að talað var einungis íslenska. Eitt atriði var í flýti þýtt yfir á ensku til að stuðla að bættum samskiptum, sem vakti mikla gleði meðal alþjóðlegu nemendanna. Í beinu framhaldi af sprellmótinu var haldið karaoke kvöld á Ölstofunni daginn eftir þar sem mæting var góð og sem rættist vel úr, enda fljótandi veigar í boði nefndarinnar. Að þessu liðnu höfðu nemendurnir flestir spjallað á WhatsApp, og var því hópurinn nýttur til þess að auglýsa hittinga innbyrðis á meðal nemendanna. Nemendur voru

hvatir til þess að mæta á hrekkjavökuball SHA þann 2. nóvember og hópur skiptinema mætti þangað. Þegar leið að lokum annarinnar var haldið jólahlaðborð á Borgum þann 23. nóvember í samstarfi við þau Rúnar og Hildi, og mættu þar allflestir og fengu smakk af íslenskum jólamat. Í beinu framhaldi var stefnt í bæinn á Pubquiz í boði Vamos og bauðst nemendum að fá sér drykki á dælu.

Þegar næsta önn gekk í garð í janúar kom annar hópur af skiptinemum og einnig nokkur kunnug andlit. Þá hittist hópurnir á Ölstofunni og fór þátttaka fram úr bestu vonum, enda fór kostnaðurinn fram úr áætlun. Nýji hópurnir var enn duglegri að hittast innbyrðis heldur en sá fyrri. Einnig voru nokkrir óformlegir hittingsar með skiptinemum sem kostuðu ekkert, svosem stjörnu- og norðurljósa ferðir upp í Hlíðarfjall og gönguferð í heita laug á móti Akureyri.

Þann 6. febrúar var svo haldið þorablót í samstarfi við þau Rúnar og Hildi og mættu flestir alþjóðanemendurnir en leist þeim ekkert sérlega á þorramat. Margir skiptinemar fóru með í Stóra-Vísó með SHA og höfðu gaman af en fannst ekki nægilega mikið um ensku á viðburðunum. Þegar kom að árshátíð SHA þann 24. febrúar var ekki mikið um skiptinema, sem sögðu flestir að skýringin væri að hún yrði haldin alfarið á íslensku.

Þrátt fyrir að Alþjóðarnefnd hafi ekki verið eins virk og hún vonaðist eftir, þá minnst hún skemmtilegrar tíðar og þakkar fyrir að hafa fengið það tækifæri að kynna alþjóðar nemendum og fá að kynna fyrir þeim þetta fallega samfélag sem við stuðlum að í Háskólanum á Akureyri.

Akureyri, 12. mars 2024

Páll Orri Alfreðsson

Formaður Alþjóðanefndar 2023-2024

Kynninganefnd

Kynninganefnd SHA tekur þátt í að kynna háskólann og þær námsleiðir sem háskólinn býður upp á. Kynninganefndin er í nánú samstarfi með Markaðs- og kynningarsviði háskólans. Í nefndinni sitja níu aðilar: formaður, sem kosinn er til eins árs á aðalfundi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri, ásamt fulltrúa úr hverju aðildarfélagi SHA. Nefndin starfar eftir verklagsreglum sem stúdentaráð SHA setur.



Sólveig María verkefnastjóri samfélagsmiðla og samskipta, og Silja Rún formaður Kynninganefndar

Kynninganefnd 2023-2024

Silja Rún Friðriksdóttir, formaður

Katrín Axelsdóttir, fulltrúi Stafnbúa

Heiða Rós Björnsdóttir, fulltrúi Magister

Erla Salome Ólafsdóttir, fulltrúi Eirar

Þorsteinn Jón Thorlacius, fulltrúi Data

Hildur Friðriksdóttir, fulltrúi Reka

Sigríður Láretta Þorgilsdóttir, fulltrúi Kumpána

Margrét Lillý Einarsdóttir, fulltrúi Þemis

Pistill frá formanni kynninganefndar

Á Aðalfundi stúdentaráðs þann 28. mars 2023 var Silja Rún Friðriksdóttir, nemi við sálfræðideild háskólans, kjörinn formaður kynningarnefndar. Fljótlega eftir aðalfund varð nefndin fullmönnuð fulltrúum úr hverju aðildarfélagi líkt og samþykktir SHA gerir ráð fyrir.

Nefndarmeðlimir voru sjö einn frá hverju aðildarfélagi til að taka þátt í kynningarstarfi fyrir skólann. Nefndarmeðlimir voru Heiða Rós Björnsdóttir fyrir Magister, Margrét Lillý Einarsdóttir fyrir Þemis, Sigríður Láretta Þorgilsdóttir fyrir Kumpána, Hildur Friðriksdóttir fyrir Reka, Katrín Axelsdóttir fyrir Stafnbúa, Þorsteinn Jón Thorlacius fyrir Data, og Erla Salome Ólafsdóttir fyrir Eir.

Fyrsta hlutverk nefndarinnar voru Opnu dagarnir haustið 2023. Þeir voru haldnir 26. og 27. október. Þar býður Háskólinn nemendum úr framhaldsskólum í nærsveitum Akureyrar að koma og kynna sér námsframboðið sem er hér í skólanum. Þurfti formaður kynninganefndar með hjálp frá kynninganefndinni að manna alla básana og gekk það vel. Ef ekki var hægt að finna einstakling á ákveðni deild hoppaði einhver annar í skarðið og var starfsfólk líka meira en til í að hjálpa okkur að manna básana. Fyrir það erum við ævinlega þakklát.

Síðan kom að stóra Háskóladeginum, í Reykjavík, Egilsstöðum, Akureyri og Ísafirði í byrjun mars 2024. Formaður fór suður ásamt fríðu föruneysi á stóra Háskóladaginn 2. mars og stóðu allir sig eins og hetjur í að kynna HA, á Háskólatorgi í Háskóla Íslands. Stóri Háskóladagurinn á Egilsstöðum var því næstur 7. mars og fóru Silja Rún (sálfræðinemi), Emilía Björt (sálfræðinemi) og Ólafur Jónsson verkefnastjóri frá Akureyri. Það voru einn dæmatíma kennari við tölvunarfræði á Reyðarfirði sem var með okkur og einn nemandi þar líka. Einnig komu þrjár frá fagháskólanámi í leikskóla fræðum. Gekk allt mjög vel þar og var fólkið sem kom að kíkjá á okkur mjög áhugasamt. Daginn eftir eða 8. mars var síðan komið að því að halda Háskóladaginn hér á Akureyri. Voru allir rosalega duglegir að stilla upp sínum básum og gekk allt eins og í sögu að manna básana. Ungir sem aldnir mættu til þess að skoða og kynna sem námsframboð allra háskóla landsins. Sá dagur endaði síðan á pizzaveilsu fyrir alla sem höfðu tekið þátt og hjálpað við daginn. Háskóladagurinn var síðan haldi 13. mars á Ísafirði og voru tveir duglegir einstaklingar sem voru staðsettir á Ísafirði til í að standa vaktina þar.

Eins og alltaf þá erum við svo heppin með allt fólkið hér í skólanum sem er alltaf boðið og búið að hjálpa okkur við svona daga og erum við þakklát fyrir það.

Formaður kynningarnefndar hjálpaði til við yfirtökur á Instagram reikning Háskólans á Akureyri að auglýsa sínar námsleiðir eftir að skráning opnaði í skólann. Einnig hjálpaði

formaður til við að koma með hugmyndir að efni fyrir Instagram reikning háskólans og TikTok reikning háskólans. Gekk það allt mjög vel fyrir sig.

Að lokum vil ég Silja Rún formaður kynninganefndar þakka kærlega fyrir allan stuðning og alla þá hjálp sem ég hef fengið þetta starfsárið úr öllum áttum. Þetta er ómetanlegt og getum við HA verið stolt og þakklát fyrir allt það frábæra fólk sem er alltaf boðið og búið að hjálpa til við þessa stærstu viðburði okkar. Einnig hefur verið mjög gott samstarf á milli kynninganefndar og kynningarsvið háskólans og hefur allt gengið vel þar á milli. Svo takk fyrir að leyfa mér að spreyta mig í þessu starfi og takk fyrir stuðninginn.

Akureyri, 20. mars 2024

Silja Rún Friðriksdóttir

Formaður Kynninganefndar 2023-2024

Viðburðarnefnd

Viðburðarnefnd Háskólans á Akureyri hefur það hlutverk að halda utan um viðburði Stúdentafélag Háskólans og um framkvæmd þeirra. Nefndin vinnur náið með framkvæmdastjórn SHA og eru teknar stórar ákvarðanir í samráði við þau. Að venju þá sitja 8 nemendur í Viðburðarnefnd, formaður nefndarinnar sem kosinn er til eins árs á aðalfundi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri, ásamt fulltrúa úr hverju aðildarfélagi. Nefndin starfar eftir verklagsreglum sem stúdentaráð SHA setur. Í ár voru fulltrúar frá öllum félögum nema Data en kom fulltrúi fyrir Stafnbúa ekki inn fyrr en í byrjun janúar. Cristina kom í staðinn fyrir Elinóru í byrjun janúar og bauð Sigríður Lárétta fram aðstoð sína sömuleiðis í janúar og var því aukafulltrúi frá Kumpána.

Á fyrri árum hefur vaninn verið sá að Viðburðarnefndin haldi 3 stóra meginviðburði: Sprellmótið sem haldið er í september, Stóru-Vísó í janúar/febrúar og Árshátíð HA í mars. Auk þessara stóru viðburða voru haldnir nokkrir smærri viðburðir með SHA.

Viðburðarnefnd 2023-2024

Berglind Una Unnsteinsdóttir, formaður Viðburðarnefndar

Hildur Friðriksdóttir, fulltrúi Reka

Inga María Hauksdóttir, fulltrúi Magister

Ragnhildur Sól & Sigríður Lárétta, fulltrúar Kumpána

Elinóra Inga Egilsdóttir/ Cristina Cretu, fulltrúar Þemis

Þórey Rut Eypórsdóttir, fulltrúi Eirar

Fanney Gunnarsdóttir, fulltrúi Stafnbúa

Pistill frá formanni Viðburðarnefndar

Fyrsta verk nýrrar nefndar var að halda próflokapartý SHA um miðjan maí á Vamos. Framkvæmdastjórn keypti einn kút og var hann ekki lengi að klárast, það var ágætis mæting. Það var ákveðið að hafa 90's þema og var tónlistin í takt við það, ekki var eytt pening í dj fyrir þetta partý.

Næst var skipulagt útilegu SHA. Ákveðið var að fara tjaldsvæðið við Hegrans helgina 29. - 31. júlí 2023 en þar sem ekki náðist næg þátttaka þurfti að hætta við útileguna.

Nýnemadagar voru næst á dagskrá og voru þeir haldnir 21. – 25. ágúst, í tilefni þeirra var haldið nýnematleik um Háskólann og um miðbæ Akureyrar á föstudeginum í lok nýnemavikunnar.

Hópurinn sá sjálfur um að skipta sér niður í lið og átti hvert lið að reyna að safna sem flestum stigum á lista sem þeim var gefinn. Að loknum leik var boðið keppendum í grill. Stigahæsta liðið fékk vinning sem viðburðarnefnd ásamt framkvæmdastjórn safnaði saman og voru verðlaunin afhent á nýnemaballinu. Það var ákveðið að gefa einnig þeim sem höfðu tekið leikinn alla leið og skellt í HA tattoo aukavinninga. Nýnemaballið var haldið í nýja hluta Vamos þar sem nýnemar og gamlir stúdentar gátu mætt og skemmt sér saman. SHA bauð upp á fría drykki fyrir fyrstu þyrstu.

Sprellmót 2023 var haldið föstudaginn 22. september, það var áhyggjuefni hvort það yrði of kalt en síðan fengum við fínasta veður þennan daginn. Aðildarfélögin komu saman á Ráðhústorgið og var farið í klassísku pýramídakeppnina og hávaðakeppnina en ákveðið var að skipta út reipitoginu fyrir pokahlaup. Í pokahlaupinu voru 4 saman í einum stórum poka og þurfti hvert félag fyrir sig að finna út hvernig væri best að útfæra þetta til þess að ná yfir línuna, sumir hoppuðu í takt en aðrir ekki. Þetta heppnaðist nokkuð vel og var gaman að fylgjast með þessu. Félagin tóku síðan rútur uppí skóla og var keppninni haldið áfram þar. Viðburðarnefnd skiptist á að hjálpa til við þrautirnar og gekk það nokkuð vel. Pantaðar voru pizzur og var pantað passlegan fjölda af þeim. Dómarar sprellmótsins dæmdu Magister Sprellmótsmeistara 2023, eftir úrslitin var haldið smá ball og var spilaður playlisti sem viðburðarnefnd ásamt stúdentaráði hafði græjað saman. Eftir þetta sprellmót var okkur hrósað fyrir snyrtilegan frágang.

Halloweenball SHA var haldið fimmtudaginn 2. nóvember á Vamos, skreytingar voru settar upp af starfsmönnum Vamos og sáu Cristina og Æsa um tónlistina. SHA keypti kút til þess að bjóða stúdentum.

Haldið var jólafjölskyldubíó með starfsmannafélagi Háskólans þann 10.des. Það var sýnt myndina Elf með íslensku tali og var popp, djús og gos í boði fyrir bíógesti.

Próflokpartý á haustmisseri var haldið á Vamos þann 15. desember og var fenginn dj til að sjá um tónlistina. Hefði mátt vera betri mæting á þann viðburð en kútur í boði SHA var ekki lengi að klárast það kvöld.

Stóra Vísó var haldið daganna 25. – 28. janúar. Búið var að taka frá hótélherbergi á Hótel Cabin ári áður og þau staðfest þegar skráningu lauk í janúar. Í byrjun janúar fengum við dagskrár frá flestum aðildarfélögum og SHA og hóf viðburðarnefnd ásamt framkvæmdastjórn að setja upp

rútuplan fyrir SBA. Skráning var um 180 manns og um 57 manns nýttu sér rúttuna suður og aftur norður.

Síðasta verk viðburðarnefndar var að skipuleggja og halda Árshátíð SHA 2024. Þema var ákveðið í nóvember og var það Masquerade þema sem varð fyrir valinu. Partýland sá um að skaffa skrauti samkvæmt samningi en var það ábótavant þar sem að tveimur dögum fyrir árshátíð fengum við það sem virtist vera afgangar af skrauti, ekki var nóg til af þeim lober borða sem ákveðið var á fundi við Partýland snemma í janúar en því var reddað degi fyrir árshátíð. Það var einnig smá misskilningur um hver ætti að skreyta þar sem við í SHA vorum undir þeirri ályktun að Partýland myndi koma að skreyta og við værum þeirra hjálparhönd en svo reyndist ekki vera. Ákveðið var að hafa okkar eigin bar og sá framkvæmdastjórn um hann en viðburðarnefnd hjálpaði þó til við að finna barþjóna. Það gekk nokkuð vel að hafa eigin bar en það kom þó í ljós deginum eftir árshátíð að ansi margir höfðu náð að smygla inn áfengi og við því ekki náð að selja eins mikið. Í heildina voru þrír barþjónar en svo kom þjóninn sem við réðum og hjálpaði þeim á barnum þegar mesta törninn var. Það hefði þó mátt hafa tvo í því að ganga frá diskum en ekki bara einn þjón samkvæmt veislupjónustunni. Matur og Mörk sáu um matinn og heppnaðist hann mjög vel og gekk hratt fyrir sig, allt önnur upplifun en með Bautann þar sem að Stefán sem sér um veislupjónustuna var mjög þægilegur í samskiptum. Dúkar voru leigðir frá Þernunni á Dalvík og var mjög góð þjónusta frá þeim. Veislustjórar kvöldsins voru Auðunn Blöndal og Steindi, þeir voru mjög skemmtilegir og tóku nokkur lög á ballinu. Stuðlabandið sá svo um að halda fjörinu gangandi á ballinu en að sökum persónulegra ástæðna þá komst aðalsöngvarinn ekki en Ágúst frá Færibandinu og Magni hoppuðu í skarðið. Árshátíðin í heild gekk mjög vel fyrir sig og skemmti fólk sér vel þetta kvöld.

Akureyri, 12. mars 2024

Berglind Una Unnsteinsdóttir

Formaður Viðburðarnefndar 2023-2024

Skýrslur stúdenta í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri



Í Háskólanum á Akureyri eru starfandi hinar ýmsu nefndir og ráð. Stúdentar eiga sæti í þeim flestum og leggur háskólinn upp úr virkri þátttöku stúdenta. Stúdentum gefst tækifæri á að eiga raunverulega rödd innan veggja háskólans þegar kemur að ákvarðanatöku varðandi hin ýmsu mál. Það er því mikilvægt að stúdentar séu virkir í nefndum og ráðum háskólans en það er ekki sjálfsagt að rödd stúdenta sé metin með þeim hætti. Á starfsárinu hefur framkvæmdastjórn SHA lagt upp úr virkri þátttöku fulltrúa sinna í nefndum og ráðum skólans. Mæting, þátttaka og virkni þeirra á fundi skiptir gríðarlega miklu máli fyrir stúdentum háskólans og eiga fulltrúar nemenda að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi í sínum störfum. Mikilvægt er að haldinn sé vinnufundur í upphafi starfsárs í samráði við Gæðastjóra HA, þar sem fulltrúar fá kynningu frá nefndum og ráðum háskólans og geti þannig sett sig inn í þau verkefni og störf sem fram undan eru.

Háskólaráð

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði Háskólans á Akureyri starfsárið 2023-2024 eru Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, aðalfulltrúi og Sólveig Birna Elísabetardóttir, varafulltrúi. Háskólaráði ásamt rektor er falin stjórn háskólans. Háskólaráð markar að frumkvæði rektors heildarstefnu í málefnum háskólans, mótar skipulag og fer með almennt eftirlit með starfseminni í heild, einstakra fræðasviða og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að háskólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Háskólaráð 2023-2024

Eyjólfur Guðmundsson, rektor, formaður.

Krístún Lind Birgisdóttir, framkvæmdastjóri, fulltrúi ráðherra

Guðmundur Kristján Óskarsson, dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, stúdent, fulltrúi stúdenta.

Kjarni S. Jónasson, fulltrúi háskólaráðs.

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, fulltrúi háskólaráðs.

Til vara

Karl Frímannsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri, fulltrúi ráðherra

Kjartan Sigurðsson, lektor, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Hjördís Sigursteinsdóttir, dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Sólveig Birna Elísabetardóttir, stúdent, fulltrúi stúdenta.

Katrín Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, fulltrúi háskólaráðs.

Pistill frá fulltrúa stúdenta í háskólaráði

Háskólaráð starfar eftir lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 og fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, setur skólanum reglur og hefur eftirlit með þeim reglum. Einn fulltrúi háskólaráðs er tilnefndur af heildarsamtökum nemenda við háskólann og eiga nemendur því eitt sæti í háskólaráði samkvæmt lögum um opinbera háskóla, en það reiknast út frá fjölda nemenda hvers háskóla. Fulltrúi stúdenta í háskólaráði skal því vera rödd nemenda innan ráðsins og hafa hagsmuni þeirra fyrir brjósti. Því er mikilvægt að fulltrúi stúdenta sinni hlutverki sínu af samvissusemi og alúð til þess að rödd nemenda fái að heyrast innan ráðsins, sér í lagi þegar kemur að málum sem snúa beint að hagsmunum nemenda.

Fulltrúi stúdenta í háskólaráði á einnig sæti í stúdentaráði ásamt framkvæmdastjórn SHA og formönnum aðildarféлага og nefnda. Þetta er mikilvægur þáttur í því að tryggja bæði tengsl og upplýsingaflæði frá fulltrúa í háskólaráði til stúdentaráðs en ekki síður til þess að tryggja að upplýsingar og umræður sem verða í stúdentaráði geti skilað sér örugglega til háskólaráðs eftir því sem við á. Því er mikilvægt að fulltrúi stúdenta í háskólaráði sé virkur bæði innan háskóla- og stúdentaráðs og geti gengt hlutverki tengiliðs á milli þessara tveggja mikilvægu ráða.

Háskólaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og er dagskrá fundanna jafn fjölbreytt og þeir eru margir. Undirrituð hefur mætt á alla þá háskólaráðsfundi sem haldnir hafa verið, ýmist með því að mæta á staðinn eða í fjarfundarbúnaði. Fundir eru alla jafna haldnir á staðnum en það er ávallt möguleiki að taka þátt í fundunum í gegnum fjarfundarbúnað. Í undantekningartilvikum hafa háskólaráðsfundir verið færðir alfarið í fjarfund en hefur það gengið nokkuð vel fyrir sig. Fjöldi mikilvægra mála hefur ratað inn á borð háskólaráðs á því starfsári sem er að líða. Þar má helst nefna fjármál og rekstur háskólans, nýtt fjármögnunarlíkan stjórnvalda, stefnumótun Háskólans á Akureyri, viðræður við Háskólann á Bifröst vegna hugsanlegrar sameiningar skólanna og ráðningu nýs rektor Háskólans á Akureyri sem er í ferli þegar þetta er skrifað. Fjármál og rekstur háskólans er svo til fastur liður á háskólaráðsfundum þar sem farið er yfir stöðuna á hverjum tíma en í kjölfarið skapast gjarnan umræður um framtíð háskólans miðað við fjármálaáætlun stjórnvalda. Þetta árið hefur umræðan að einhverju leiti litast af nýju fjármögnunarlíkani stjórnvalda þar sem umræðan hefur snúist um hvernig það komi út fyrir Háskólann á Akureyri og hvaða tækifæri séu fyrir skólann vegna þessa nýja líkans. Þá hafa einnig verið uppi ákveðnar áhyggjur vegna fjárhaglegar stöðu skólans og því lögð áhersla á ákveðið aðhald og samtal við ráðuneytið þegar kemur að fjármögnun skólans.

Eins og nefnt hefur verið hér að ofan var nýtt fjármálalíkan stjórnvalda kynnt fyrir nokkru. Með því verða breytingar á því hvað það er sem ákvarðar fjárframlög ríkisins til háskóla. Með breyttum áherslum er mikilvægt að Háskólinn á Akureyri grípi tækifærið og leggi áherslu á að kynna sér nýtt líkan með það að markmiði að það nýtist sem best fyrir skólann. Fjármögnun háskóla hefur verið stórt baráttumál stúdenta undanfarin misseri og því fagnaðarefni að verið sé að hrista upp í þeim málum.

Eitt af þeim mikilvægu málum sem háskólaráð fjallaðu um þetta árið, hefur verið vinna við stefnumótun háskólans fyrir árin 2024-2029. Við vinnuna hefur verið lögð áhersla á skýra framtíðarsýn er varðar háskólann og hvert á að stefna til lengri tíma. Elín Díana, aðstoðarrekktor, hefur stýrt vinnu við stefnumótun í samstarfi við utanaðkomandi stefnumótunarráðgjafa. Starfsmenn og stúdentar hafa fengið að koma að vinnunni í gegnum ýmsa fundi og viðburði sem haldnir hafa verið og því verður spennandi að sjá afraksturinn af þessari mikilvægu og góðu vinnu.

Á árinu hefur háskólaráð tekist á við gríðarlega stórt og mikilvægt verkefni þegar kemur að sameiningu og auknu samstarfi háskóla. Með nýju háskólaráðuneyti var lögð áhersla á að of margir háskólar væru starfandi á Íslandi og hafa stjórnvöld reynt að hvetja skólanna til aukins samstarfs, til dæmis með því að setja aukið fjármagn í samstarfsverkefni háskóla. Þá hefur mikil umræða skapast um sameiningar háskóla og meðal annars um sameiningu Háskólans á Akureyri við aðra háskóla. Á árinu fór svo að gerð var fýsileikakönnun á hugsanlegri sameiningu Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst. Skiptar skoðanir eru á þessu máli, jafnt á meðal stúdenta, starfsmanna og annarra þjóðfélagsþegna. Háskólaráð hefur fylgst með almennri umræðu um málið og áttar sig á að hér er um snúið, en jafnframt mikilvægt verkefni að ræða, sama hver lokaniðurstaðan verður. Þegar þetta er skrifað eru samningaviðræður í gangi en engin lokaákvörðun um hvort til sameiningar komi eða ekki, hefur verið tekin. Það verður því gríðarlega mikilvægt og spennandi verkefni sem næsti fulltrúi stúdenta í háskólaráði fær, enda getur þetta skipt sköpum fyrir framtíð Háskólans á Akureyri.

Loks er háskólaráð í þessum töluðu orðum með mikið og stórt verkefni inni á borði hjá sér, ráðningu nýs rektors Háskólans á Akureyri. Ljóst er að nýr rektor mun taka við á árinu 2024 og kemur það í hlut háskólaráðs að taka ákvörðun um ráðningu rektors. Háskólaráð nýtur þó leiðbeiningar og ráðgjafar öflugts teymis sem verður til halds og trausts við þessa stóru ákvörðun, en hún er á endanum alfarið í höndum háskólaráðs. Sett var á fót þriggja manna valnefnd sem mat hæfi umsækjenda og háskólaráð hefur nýverið fengið afhenta álitssgerð þeirra. Í framhaldinu verða svo tekin viðtöl og haldnir fundir við þrjá umsækjendur og er það á áætlun í mars og apríl 2024. Þetta er mikilvæg ákvörðun sem háskólaráð stendur frammi fyrir og því lögð áhersla á að vinna málið vel til þess að komast að réttri og góðri niðurstöðu.

Undirrituð fer því reynslunni ríkari frá borði eftir lærdómsríka, krefjandi en ekki síður skemmtilega setu í háskólaráði síðastliðið starfsár. Stolt er undirritaðri efst í huga eftir árið.

Með setunni fær fulltrúi stúdenta góða innsýn inn í starfsemi háskólans sem opinberrar stofnunar auk þess sem honum gefst einstakt tækifæri á að koma áherslum stúdenta til skila þangað sem þær virkilega skipta máli. Fulltrúi stúdenta í háskólaráði getur þannig haft raunveruleg áhrif á hagsmunamál nemenda.

Fundargerðir háskólaráðs eru aðgengilegar öllum á ytri vef skólans og því er um að gera að kynna sér fundargerðirnar og fylgjast með störfum háskólaráðs.

Akureyri, 12. mars 2024

Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir

Fulltrúi stúdenta í háskólaráði Háskólans á Akureyri

Gæðaráð

Við Háskólann á Akureyri starfar gæðaráð en þar eiga sæti gæða- og mannauðsstjóri sem er í forsæti, fulltrúar, tveir fulltrúar frá háskólaskrifstofu og tveir fulltrúar stúdenta. Gæðaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Hlutverk gæðaráðs er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Gæðaráð skal jafnframt vekja áhuga á gæðamálum innan háskólans og vera vettvangur umfjöllunar og ákvarðanatöku um gæðamál hans. Ráðið skal stuðla að umbótum og þróun á kennslu og námsmati, sem og að samþykkingu, hafa eftirlit með og tryggja reglulega endurskoðun á námsbrautum og prófgráðum. Gæðaráð skal vaka yfir gæðum rannsókna innan háskólans og starfa með vísindaráði hans að því að móta viðmið og kvarða sem notaðir eru til að meta vísindalega starfsemi við Háskólann á Akureyri. Gæðaráð á að safna saman, meta og bregðast við þeim upplýsingum um starfsemi háskólans sem lúta að gæðum. Ráðið skal taka afstöðu til mikilvægra breytinga á starfsemi háskólans sem kunna að hafa áhrif á gæði í starfsemi hans sem og að fjalla um undirbúning og framkvæmd sjálfsmats og ytra mats á háskólanum og tryggja eftirfylgni með gæðamálum. Á aðalfundi SHA var skipað í stöðu fulltrúa stúdenta í gæðaráði til tveggja ára, á aðalfundi SHA 2023 var Lilja Margrét Óskarsdóttir sem var sjálfkjörinn í þá stöðu. Erla Salome Ólafsdóttir var sitt seinna ár sem stúdentafulltrúi í gæðaráði.

Gæðaráð veturinn 2023-2024

Vaka Óttarsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri, formaður gæðaráðs

Lísbet Hannesdóttir, verkefnastjóri gæða- og mannauðsmála, ritari gæðaráðs

Lilja Margrét Óskarsdóttir, fulltrúi stúdenta

Erla Salome Ólafsdóttir, fulltrúi stúdenta

Eyrún Eypórsdóttir, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Finnur Friðriksson, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Kristín Linda H. Hjartardóttir, fulltrúi heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs

Kristinn P. Magnússon, fulltrúi heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs

Auðbjörg Björnsdóttir, fulltrúi háskólaskrifstofu

Stefán Jóhannsson, fulltrúi háskólaskrifstofu

Pistill frá fulltrúa stúdenta í gæðaráði

Þetta skólaár hefur verið ansi annríkt og viðburðaríkt hjá fulltrúum stúdenta í gæðaráði Háskólans á Akureyri. Mikilar umræður voru um nýja rammaáætlun um gæðamál á Íslandi og framtíð í gæðamálum á Íslandi.

Stúdentafulltrúar hafa verið öflugir innan gæðaráðs og reynt að koma inn á mikilvæg mál sem varða stúdenta og þeirra hagsmuni. Rætt var sérstaklega um eftirlit með námskeiðum sem hafa fengið slæma umsögn í námskeiðsmati, stúdentafulltrúum fannst það mikilvægt til þess að tryggja að gæðamatið sem fer fram beri tilsettan árangur.

Farið var að keyra almennilega á Samtalsmiðaða námskeiðsmatið sem hefur verið mikið inni á borði fulltrúa í gæðaráði síðustu ár. Eftir mikla þróun á ferlinu var kominn tími til þess að fara að hefja samtalsmiðaða námskeiðsmatið sem fór vel af stað með mikilli hjálp frá stúdentum. Samkvæmt reglum gæðaráðs á ráðið að funda mánaðarlega og það stóðst að mestu leyti. Fundirnir voru í öll skiptin haldnir rafrænir í gegnum teams.

Þetta skólaár er búið að vera mjög lærdómsríkt og skemmtilegt. Okkar tilfinning er sú að það sé tekið mikið mark á okkar skoðunum inni á fundum. Einnig er oft passað upp á að við fáum tækifæri til að koma okkar skoðunum, eða viðhorfi stúdenta á framfæri.

Lilja Margrét Óskarsdóttir og Erla

Salome Ólafsdóttir

Fulltrúar stúdenta í gæðaráði skólaárið 2023-2024

Jafnréttisráð

Pistill frá fulltrúum stúdenta í Jafnréttisráði:

Í ár voru tveir öflugir fulltrúar stúdenta í jafnréttisráði sem skiptir öllu máli. Fulltrúar þetta starfsárið voru Silja Rún Friðriksdóttir og Lilja Margrét Óskarsdóttir. Starfsárið fór að mestu í að skipuleggja Jafnréttisdaga sem haldnir voru 13. - 15. febrúar 2024 og tók Silja virkan þátt í að skipuleggja dagana. Þetta árið urðu ADHD samtökin fyrir valinu sem erindi Jafnréttisdaga frá Stúdentafélaginu. Var það Silja Rún sem heyrði í fólki frá ADHD samtökunum til þess að koma til okkar og vera með erindi. Erla Salome og Silja Rún hjálpuðu til við að baka jafnréttisvöflurnar á síðasta degi Jafnréttisdaga sem gengu síðan rosalega vel. En þetta starfsárið byrjaði endurskoðun jafnréttisáætlunar og eru Lilja og Silja búnar að taka virkan þátt í þeirri endurskoðun. Hlökkum til að sjá hvað kemur úr þessari endurskoðun.

Umhverfisráð

Team 2023-2024:

Audrey Louise Matthews, lektor

Johanna Maria Franke, fulltrúi stúdenta

Gunnar Gunnarsson, forstöðumaður rekturs fasteigna

Natalia Ramirez Carrera, fulltrúi stúdenta

Leon Daði Sesseljuson, fulltrúi stúdenta

Yvonne Höller, prófessor, formaður

A Year of Green Triumphs at UNAK's Environmental Council!

This past year, UNAK's Environmental Council has been all about going green, making cool changes, and spreading the word about being eco-friendly everywhere on campus and beyond. Let's dive into the fun and exciting stuff we did to help our planet!

Our action-packed calendar featured beach clean-ups in Eyjafjörður together with Ocean Missions where volunteers turned the tide against marine litter, proving that every piece of trash collected is a victory for our planet. Additionally, we launched the "Trash Hero" initiative, recognizing individuals who conscientiously sort their waste using the university's recycling bins.

Workshops became arenas of creativity and sustainability, teaching skills that turn waste into wonder. From fashioning bags out of old clothes to reimagining beach trash and creating bioplastic from food, these sessions unleashed the power of upcycling and innovation. If you want to know when these initiatives take place follow us in our Instagram https://www.instagram.com/umhverfisradha?igsh=MzAyZGh6cmV2bjlr_

The Sustainability Conference brought people together to share their excitement and ideas, helping us all think about how to create a better, greener future. You miss it ? no worries we upload the videos to the environmental council youtube channel <https://www.youtube.com/@umhverfisradHA>. Save the date for this year's Sustainability Conference the 12th of April that will be in person and on Zoom with amazing speakers talking about marine conservation, emission-free Icelandic fisheries, ethics in glacier protection, bioplastic production and much more <https://www.unak.is/english/upcoming-events/4rd-sustainability-conference>

Are you coming by car to the university? that is because you don't know about our transportation challenge, if you change the car for a nice, refreshing and healthy walk or if you come with your bike you can win some ecofriendly awards ! Furthermore, we open a new bike

shelter, making green travel more comfortable for everyone. Join this revolution by changing your transportations ways to a more ecofriendly- and probably more healthy - and let us know!

You can also improve this world while teaching and be recognized with the green teaching award, celebrating educators who bring sustainability to life in the classroom such as Sara Fusco awarded this year. Or the initiative for students with the green thesis award, drawing attention to student thesis from all fields that consciously take decisions to have a minimal environmental impact that this year were award to 5 students including: Vera Ósk Albertsdóttir, Eleni Kontostathi, Jordane Liebeaux, Cayla Jean Asvestas and Anna Krístrún Sigurpálsdóttir.

A huge thank you to all the eco-warriors who have been part of this journey! Your energy and ideas are the seeds of change, growing a greener, more vibrant UNAK. Together, we're not just witnessing change; we're driving it!

Akureyri, 16. Febrúar 2022

Natalia Ramirez Carrera

Stjórn FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri, FÉSTA, er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar og Akureyrarbær eiga aðild að. Þessir aðilar skipa einnig fulltrúa í stjórn FÉSTA. FÉSTA á og rekur stúdentagarða og annast ýmsa aðra þjónustu við stúdentana. Stjórn FÉSTA er skipuð fimm fulltrúum; einum fulltrúa Akureyrarbæjar, tveimur fulltrúum Háskólans á Akureyri og tveimur fulltrúum stúdenta.

Stjórn FÉSTA starfsárið 2023 - 2024 skipa:

Jóhannes Baldur Guðmundsson, framkvæmdastjóri FÉSTA

Haraldur Krüger, rekstrarstjóri FÉSTA

Halla Margrét Tryggvadóttir, formaður stjórnar, skipuð af Akureyrarbæ

Harpa Halldórsdóttir, forstöðumaður fjármálasviðs, skipuð af háskólaráði

Hólmar Svansson, framkvæmdastjóri HA, skipaður af háskólaráði

Sigurjón Þórsson, stúdent, skipaður af SHA

Pistill frá stúdentum í stjórn FÉSTA

Mjög gott samstarf hefur verið innan stjórnar FÉSTA á frálíðandi starfsári. Sumarið og haustið fór að mestu í að taka ákvarðanir varðandi byggingu nýrra stúdentagarða við Norðurslóð/Dalsbraut og var því fylgt eftir með vel heppnaðri samkeppni meðal arkitekta um útlit nýrra stúdentagarða. Fundað var að meðaltali 1 sinni í mánuði. Jafnframt fór stjórn FÉSTA ásamt mökum út að borða á jólahlaðborð á Múlabergi skömmu fyrir jól. Staða FÉSTA er mjög góð og útlit er fyrir góða afkomu. Lengst af sat Sigurjón Þórsson einn stúdenta í stjórn FÉSTA en á lokametrum skipunartímabilsins kom Sólveig Birna Elísabetardóttir forseti SHA til liðs við stjórn FÉSTA. Bæði eru þau að ganga úr stjórn núna á vormánuðum vegna útskriftar. Við hvetjum verðandi stjórnarfolk í FÉSTA til að standa þétt við bakið á hagsmunum nemenda eins og gert hefur verið til þessa.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Þórsson

Fulltrúi SHA í stjórn FÉSTA

Aðildarfélög SHA

Aðildarfélög SHA eru sviðs- og deildarfélög. Starfsemi þeirra og hlutverk hafa þróast gegnum árin og tekið miklum breytingum eins og starfsemi og hlutverk SHA. Formenn aðildarfélaganna eiga allir sæti í stúdentaráði. Aðildarfélögin starfa eftir verklagsreglum sem stúdentaráð setur. Aðildarfélög SHA eru átta talsins í dag:

- **Data**, félag tölvunarfræðinema, var stofnað 2016.
- **Eir**, félag heilbrigðisnema, var stofnað 1990. Nafn félagsins er fengið úr norrænni goðafræði.

- **Kumpáni**, félag hug- og félagsvísindanema, var stofnað 2004, eftir að nemendur félagsvísindadeildar höfðu verið eitt ár félagsmenn í Magister.
- **Magister**, félag kennaranema, var stofnað árið 1993 og varð því fjórða deildarfélagið sem stofnað var við HA.
- **Reki**, félag viðskiptafræðinema, hét áður félag rekstardeildarnema og dregur nafn sitt af því. Félagið var stofnað árið 1990. Á tímabili starfræktu meistaranemar í viðskiptafræði undirfélag Reka sem nefndist A-meistari. Starfsemi þess félags var mjög lítil og starfstími þess stuttur.
- **Stafnbúi**, félag nema í auðlindafræðum var stofnað árið 1990, um leið og kennsla hófst í sjávarútvegsfræði við HA.
- **Pemis**, félag lögfræðinema, var stofnað árið 2005 og var þá undirfélag Kumpána. Eftir að hafa verið eitt ár í Magister og undir Kumpána í fimm ár klufu laganemar sig algerlega frá Kumpána í mars 2009 og hefur Pemis starfað óháð öðrum aðildarfélögum síðan.

Ársskýrsla Data

Stjórn Data 2023-2024:

Formaður: Söldís Diljá Kristjánsdóttir

Varaformaður: Logi Páll Sævarsson

Nýnemafulltrúi: Víkingur Einarsson

Gjaldkeri: Þorsteinn Jón Thorlacius

Ritari: Sturla Emil Sturluson

Landsbyggðarfulltrúi:



Fulltrúar í fastanefndum SHA:

Fulltrúi í viðburðanefnd:

Fulltrúi í kynninganefnd:

Ný stjórn Data var kjörin á aðalfundi félagsins sem fór fram í gegnum Discord og í Háskólanum á Akureyri 14. mars 2023. Erfitt var að finna fólk í stjórn og tók því núverandi stjórn þetta verkefni að sér auk nýs fulltrúa í stöðu Ritara. Engin mótframboð bárust og því allir meðlimir stjórnarinnar sjálfkjörnir

Starfsemi félagsins

Data er félag sem samanstendur af tölvunarfræðinimum sem stunda nám við Háskólann í Reykjavík, en einnig eru einhverjir nemendur á 2. og 3. ári í námskeiðum á vegum Háskólans á Akureyri. Þrátt fyrir að fæstir félagsmenn stundi nám við Háskólann á Akureyri tekur allt félagið virkan þátt í félagslífinu innan HA. Megináhersla félagsins er að halda uppi öflugum félagslífi innan félagsins ásamt því að taka þátt í og skipuleggja viðburði með öðrum aðildarfélögum SHA. Starfsemin felst einnig í kynninga- og hagsmunamálum. Þó er aðallega tekið á hagsmunamálum í Háskólanum í Reykjavík en stjórn Data er félagsmönnum ávallt innan handar þegar kemur að slíkum málum.

Félagsstarf

15. mars - Fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar

Ný stjórn hittist ásamt fráfarandi stjórn til að ganga frá stjórnarbreytingum. Skipulagi var komið á Discord server þar sem voru búnar til rásir fyrir hvern áfanga til þess að halda vel utan um alla samvinnu og bæta vettvang fyrir stundakennara.

12. maí - Próflokahittingur á Ölstofunni

Föstudaginn 12. maí var leigður salur á Ölstofunni fyrir félagsmenn Data. Hittingurinn var ákveðinn því öllum prófum og námskeiðum var formlega lokið. Þá er tilefni til þess að slaka á, hittast og ræða um lífið og sumarplönin. Einnig var farið með útskrifarnema út að borða á Múlabergi.

24. ágúst – Nýnemakvöld Data

Stjórnin ákvað að halda viðburð fyrir nýnema. Þá var farið á Ölstofuna þar sem boðið var upp á fría drykki fyrir félagsmenn. Þar fengu viðstaddir að kynnst hvort öðrum betur og jafnvel var fólk á mismunandi árum námsins að sjást í fyrsta skiptið. Því var þetta góð leið til að kynnst samnemendum og skemmta sér fram eftir kvöldi. Mjög góð mæting. Einnig var kynnt framboð til Nýnemafulltrúa sama dag þar sem var tekinn lítill hittingur með nýnemum í tölvunarfræðinni ásamt nýnemum tæknifræðinnar. Þar fengum við eitt framboð tæknifræðinema og þar var samþykkt að hann Brynjar Már Halldórsson tæki við því starfi óformlega þar sem sú staða var ekki til formlega.

7. september – Læriskvöld

Hér eru nokkur atriði sem komu upp:

Vísindaferðir til fyrirtækja (Þula, Stefna, Five degrees, Wise og svo framvegis)

Fá einhvern sem er útskrifaður til að segja frá sinni reynslu

Fá fyrirlesara til að halda ræðu

Lærdómskvöld (værum með stofu í HA, myndum panta pítsu og svona)

Party tölvuleikir á Steam í gegnum Discord eða það væri hittingur og skjávarpi.

Hittast og forrita eitthvað fyrir Data.

Clash of code kvöld (forritunarkeppni)

Jólabíókvöld

LAN (þar sem fólk myndi koma með tölvur, eða við myndum leigja á vegum Þórs)

Eftir það var rætt um hvað væri hægt að gera á vegum félagsins þá fór kosningin í gang.

Svo var farið á fullt að læra saman þar sem nýnemar fengu góða aðstoð auk eldra nemenda sem fengum aðstoð samnemenda sinna.

Þegar líða fór á kvöldið var farið á fullt að ræða sprellmótið vegna spennings. En þar komu fullt af búningahugmyndum fram og ákvað því stjórn að búa til spjallrás á Discord-servernum til að halda utan um hugmyndirnar.

14. september – Sprellmóts Preppkvöld

Preppkvöldið var haldið á Ölstofunni og var ágæt mæting. Búið var að henda inn fullt af hugmyndum inn á spjallrásina, henni var svo lokað um hádegið. Stjórn félagsins bjó svo til rafræna kosningu fyrir búninga sem kjósa átti á um á Preppkvöldinu. Mikil spennan var í loftinu og ágæt mæting.

Frambjóðendur: Sæmundur og Víkingur

Fyrst héldu frambjóðendur stutta ræðu, þar sem þeir kynntu sig og nefndu hvers vegna fólk ætti að kjósa sig.

Svo kaus fólk með rafrænum kosningum. Víkingur sigraði kosninguna.

Næst var fengið sér nokkra drykki á happy-hour verði og svo var komið að kosningu.

Búningarnir sem komu til greina var t.a.m. einhyrningar, trúðar, Goggi Mega og Tvíundartölur(Binary)

Eftir kosningu var það búningurinn Tvíundartölur sem vann.

Ákveðið var að Víkingur myndi spila á píanó og Viktor syngja lagið When I was your man – Bruno mars með félagsmeðlimi í bakgrunni að syngja með.

Ákveðið var gróflega hverjir myndu taka þátt í hvaða keppnum á mótinu. Ákveðið var að hittast 21.september og græja búninga.

21. september – Undirbúningur búninga fyrir sprellmót

Data hefði keypt spreibrúsa og reddað pappaspjöldum fyrir útskurning fyrir meðlimi. Fólk hafi sjálft keypt sér svarta boli. Næst fönnduðum við saman nokkur spjöld þar sem við skárum út 1 og 0. Næst var að spreya bolina. Kósy og náinn tími saman.

22. september – Sprellmót SHA

Svaka dagskrá í boði SHA fyrir nemendur háskólans á Akureyri. Samkvæmt hefðinni þá var búningaþema sem hvert nemendafélag ákvað. Meðlimir Data klæddu sig upp Binary tölurnar 1 og 0, við höfðum fönndrað saman búningana daginn áður. Sumir meðlimir voru með græn-eða gullituð glerugu, með bucket-hats og í svörtum buxum. Sprellmótið var haldið í hátíðarsal skólans, en byrjaði að venju á Ráðhústorginu. Aðildafélög kepptu hvort við annað í hinum ýmsu keppnisgreinum og félagsmenn Data stóðu sig með þryði. Að okkar mati unnum við mótið en því miður vorum við ekki með nóg af mútum.

20. október – Fyrsta Vísindaferð skólaársins

Stefna Hugbúnaðarhús voru fyrst til að taka á móti okkur í vísindaferð. Það var mjög góð mæting og fengum við góða kynningu á fyrirtækinu. Þau buðu upp á pizzur, bjór, gos og gott spjall. Eftir vísindaferðina var svo haldið niður í bæ saman að skemmta sér ennþá lengur.

3. Nóvember – Önnur Vísindaferð skólaársins

Næst til að taka á móti okkur voru Five Degrees. Fengum góða kynningu frá fyrirtækinu. Þau buðu upp á nammi, gos og drykki. Það var farið í Karaoke og spjallað heilmikið.

24. Nóvember – Þriðja Vísindaferð skólaársins

Næst var komið að raftákn. Fengum góða kynningu frá fyrirtækinu. Þau buðu upp á nammi, gos og drykki. Spjallað heilmikið. Eftir ferðina var farið í bæinn og skemmt sér lengur.

30. Nóvember – Fjórða Vísindaferð skólaársins

Fjórða og síðasta vísindaferð annarinnar var hjá Fiskistofu. Fengum góða kynningu frá fyrirtækinu, fengum að sjá vel á bakvið tjöld forritunarinnar hjá þeim. Þau buðu upp á pizzu, gos og bjór. Spjallað heilmikið, farið í Kahoot, skoðað dróna ofl.

Próflokahittingur

Tekinn var óformlegur próflokahittingur helgina eftir 3ja vikna námsskeiðin helgina 15.-17.des. En ekki hafði verið mikill áhugi ásamt því að stór hluti félagsmanna yrðu ekki í bænum og því var ákveðið að hafa þennan hitting óformlegann.

25.-28. janúar – Stóra Vísó

13 manns skráðu sig af þeim mættu 10 og tóku virkann þátt. Kíkt var til fyrirtækjanna Össur, Alfreð og BlueCat Networks(Men&Mice). Hópurinn kíkti í bæinn saman öll kvöld auk þess sem Data lagði út fyrir píluspjöldum á Bullseye á föstudagskvöldinu.

24.febrúar – Árshátíð SHA

8 meðlimir Data mættu á árshátíð + 2 makar. Mikið stuð, mikið gaman.

8.mars – Fimmta Vísindaferð skólaársins

Við ætla að taka á móti okkur í vísindaferð í þetta skiptið. Það var góð mæting og fengum við góða kynningu á fyrirtækinu. Þau buðu upp á pizzur, bjór, gos og gott spjall. Eftir vísindaferðina var svo haldið niður í bæ saman að skemmta sér ennþá lengur.

15.mars – Sjötta Vísindaferð skólaársins

Síðasta vísindaferð núverandi stjórnar verður hjá DK Hugbúnaði. Skráning hófst 12.mars. Á aðalfundinum 13.mars voru 16 manns búið að skrá sig. Mikil spennu og tilhlökkun.

Kynningarmál

Ólafur Jónsson, verkefnastjóri tölvunarfræðideildar HA, hefur frá upphafi verið duglegur við að kynna námið í grunnskólum, framhaldsskólum og hinum ýmsu viðburðum um land allt.

Það sem betur mætti fara

Ekki var mikill metnaður til að taka þátt í starfi SHA og tekur formaðurinn það á sig. Við hefðum geta verið duglegri við minniháttar hittinga eins og t.d. að spila among us á Discord og fleiri lærivöld. Við vorum með stærri hugmyndir um hvað ætti að gera yfir önnina en í raun varð. Vísindaferðirnar voru margar en drógu mögulega úr framvindu viðburða á vegum félagsins.

Stjórn Data 2023-2024

Ársskýrsla Eirar

Ársskýrsla Eirar, Starfsárið 2023-2024

Stjórn Eirar 2023-2024

Forseti: Erla Salome Ólafsdóttir

Varaforseti: Karen Ósk Björnsdóttir

Gjaldkeri: Hrönn Atladóttir

Samskiptafulltrúi: Júlía Sóley Björnsdóttir

Tengiliður nýnema: Jón Grétar Guðmundsson



Fulltrúar í fastanefndum SHA:

Fulltrúi í viðburðanefnd: Þórey Rut Eyþórsdóttir Vestmann

Fulltrúi í kynninganefnd: Erla Salome Ólafsdóttir

Starfsemi félagsins

Eir er stærsta nemendafélag Háskólans á Akureyri og geta þeir namar sem leggja stund á nám innan heilbrigðisvísindasviðs skráð sig í félagið. Félagið leggur áherslu á að sameiginlega hagsmuna stúdenta heilbrigðisvísindasviðs við HA, innan skóla sem utan. Markmið Eirar eru að efla tengsl og samheldni meðal meðlima, stuðla að góðri samvinnu við önnur aðildarfélög ásamt því að standa fyrir viðburðum. Einnig leggur Eir áherslu á að efla samstarf við önnur félög heilbrigðisvísindanema, hér á landi sem og utan, ásamt því að efla samstarf við FÍh og ÍÍ. Þá tekur félagið virkan þátt í viðburðum á vegum SHA.

27.-31. mars 2023 - Míni vísó

Mánudagur

Vísindaferð í Hlíð (Heilsuvernd) kl 17-19. Boðið upp á gos, bjór og veitingar.

Mættu 9, en 11 voru skráðir.

Kvöldverður FÍh fyrir 4 árs nema.

Þriðjudagur

Sjóvá 17-19 - fengum mat og áfengi en einnig var happdrætti

SAk 19:30-21:30 – labb um húsið, kynning á deildum, pizzur og gos

Eir lotuhittingur 21:45-23:00 – keyptum kút á ölstofunni

Miðvikudagur

HSA - féll niður vegna veðurs og yfirvofandi snjóflóðahættu á austurlandi

Hrafnista- féll niður vegna óviðráðanlegra ástæðna

Fimmtudagur

Vísindaferð í Kalda fórum 14 manns með rútu frá HA kl 17:30, áttum góðan tíma í Kalda með nóg af bjór og næs heitum. Enduðum svo öll saman út að borða á Bautanum

21. ágúst 2023 - Nýnemakvöld

Eir hélt nýnemakvöld á Dátanum 21. ágúst til að bjóða nýnema félagsins velkomna. Allir meðlimir Eirar voru að sjálfsögðu velkomnir líka en félagið bauð upp á fljótandi veigar og Human bingo. Mætingin var mjög góð en með stjórnarmeðlimum mættu rúmlega 100 manns. Kvöldið heppnaðist mjög vel og stjórnin sérlega ánægð með góða mætingu.

12. september 2023 - Lotu hittingur

Eir hélt fyrsta lotu hitting annarinnar á Ölstofunni, en 5 árgangar voru í lotu þá viku. Annað og þriðja ár hjúkrunarfræði, annað ár iðjuþjálfunarfræði og fyrsta og annað ár í fagnámi sjúkraliða. Mættu um 76 manns og var mikil stemmning, sem telst mjög góð mæting.

19. september 2023 - Peppkvöld fyrir sprellmót

Peppkvöld fyrir sprellmót var haldið 19. september í stofu J210 (Iðjustofunni), það mætti töluvert stór hópur. Löggin okkar voru æfð og fólki raðað niður í keppnir. Einnig var ákveðið hvað yrði gert í hæfileikakeppninni.

22. september 2023 - Sprellmót

Eir tók að sjálfsögðu þátt í sprellmóti SHA. Alls voru 63 manns skráðir hjá félaginu og vorum við klædd sem gamalt fólk. Meðlimir hittust á Götubarnum fyrir Sprellmótið en þar var boðið upp á bjór á dælu, grátt hársprey og hrukku station. Í hæfileikakeppninni söng Karen Ósk upb helminginn af Ég veit þú kemur í kvöld til mín á meðan restin af hópnum dansaði, svo breyttist skyndilega um lag og 60 manns twerkuðu fyrir viðstadda. Hafnaði félagið í öðru sæti að degi loknum.

25. október 2023 - Kvöldverður Hrafnistu á Strikinu

Hrafnista bauð nemendum á 2 og 3 ári í iðjuþjálfunarfræði til kvöldverðar á Strikinu 25. október. Kvöldverðurinn var vel sóttur og heppnaðist með ágætum.

13. nóvember 2023 - Lotu hittingur

Haldinn var lotu hittingur á Borgum 13. nóvember fyrir 1 ár iðjuþjálfunarfræði og 3 ár í Hjúkrunarfræði. Mættu upp 20 manns. Boðið var upp á áfengi og pizzur sem við keyptum af Kumpána

15. nóvember 2023 - Kynning á störfum SAK

SAK kom og hélt kynningu 15. nóvember fyrir 3 ár í hjúkrunarfræði og 3 ár iðjuþjálfunarfræði í hádegishléi. Boðið var upp á pizzu og gos.

10. janúar 2024 - Lotu hittingur

Haldinn var lotuhittingur fyrir 1 ár í hjúkrunarfræði á Vamos og keyptur var hálfur kútur, mættu upp 25 manns. Sungið var í karaoke.

12. janúar 2024 - Kvöldverðarboð Hrafnistu með HÍ

Hrafnista bauð 4 og 3 árs hjúkrunarnemum til kvöldverðar í Reykjavík föstudaginn 12. janúar. Ekki tókst að halda kvöldverð hérna fyrir norðan vegna þess að hóparnir eru ekki í lotu á sama tíma. Alls voru 9 manns skráðir úr HA.

15. janúar 2024 - Kvöldverður í boði FÍH

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga bauð 4 árs nemum út að borða á Strikunu mánudaginn 15. janúar. Fyrir þá sem komu ekki norður í lotu var boðið upp á að mæta föstudaginn 12. Janúar í hádegisverð á Grandhótel í Reykjavík, með HÍ.

17. janúar 2024 - Lotu hittingur

Haldinn var lotuhittingur fyrir 1 ár í hjúkrunarfræði á Vamos og keyptur var hálfur kútur, mættu upp 20 manns. Sungið var í karaoke.

24. janúar 2024 - Lotu hittingur

Haldinn var lotuhittingur fyrir 1 ár í hjúkrunarfræði á Vamos og keyptur var hálfur kútur, mættu upp 20 manns. Sungið var í karaoke.

25.-28. janúar 2024 - Stóra Vísó

Frá Eir voru skráðir 33. Eir fór í heimsókn til Heilsuverndar, FÍH, Virkniseturs LSH, Össurar, SLF/æfingastöðin og hitting með Curator í stúdentakjallaranum. Sameiginlegar ferðir á vegum SHA voru í Blush, Vinstri græna, Orkusöluna, Coca Cola, Uppreisn og á Kex hostel.

Heilsuvernd færðist frá fimmtudegi yfir á föstudag vegna frestunar á bröttför frá Akureyri, en bauð upp á flottar veitingar og allir voru mjög ánægðir

FÍH bauð hjúkrunarnemum í morgunmat á föstudeginum og fengum við flotta kynningu á félaginu

Virknisetur LSH bauð iðjuþjálfum í heimsókn og kynntu flotta starf sitt

Össur bauð upp á léttar veitingar og kennslu á ýmsan stoðbúnað, hefðum viljað meiri tíma þar SLF/æfingastöðin bauð upp á léttar veitingar og drykki og flotta kynningu

Sameiginlegur hittingur Eir x Curator fór fram á föstudagskvöldinu í stúdentakjallaranum.

Ákveðið var að kaupa ekki kút þar sem það var ekki talið hagstætt, en farið var í human bingo sem var skemmtilegt.

Kynningar á heimahjúkrun HSN

HSN bauð upp á kynningar á heimahjúkrun í hádegishléum þegar lotur voru fyrir öll árin í hjúkrunarfræði. Boðið var uppá hádegishressingu frá Lemon

- 6. febrúar 2 ár - mættu 11 manns

- 19. febrúar 1 ár - mættu 23 manns

- 11. apríl 3 og 4 ár - ekki búið þegar ársskýrsla er rituð

8. febrúar 2024 - Kynning á tækifærum fyrir iðjuþjálfva við SAK

SAK kom og hélt kynningu 8. febrúar fyrir 2 ár iðjuþjálfunarfræði í hádegishléinu og bauð upp á pizzur og gos. 26 manns mættu og höfðu gaman af

8. febrúar 2024 - Kynning á Heilsuvernd á Akureyri

Heilsuvernd hjúkrunarheimili bauð nemendum í vísindaferð 8. febrúar kl 17-19 í salnum á Hlíð. Boðið var upp á léttar veitingar – mat og drykki. Mættir voru 22 manns og var mikið um spurningar og góðar umræður

24. febrúar 2024 - Árshátíð SHA

Skráðir voru 80 manns hjá Eir, ákveðið var að halda ekki fyrirparty þar sem mörg ár höfðu nú þegar planað að hittast sjálf fyrir árshátíðina. Atriði Eirar var lag við myndband en skrifaður var texti við lagið Houdini og tekið upp í stúdíói. Myndbandið var gert í skólanum. Eir bauð sínu fólki upp á hvítvín og rauðvín ásamt því að hver meðlimur fékk 2 bjórmiða. Fólk skemmti sér vel og var dansað fram á nótt.

28. febrúar 2024 - Aðalfundur Eirar

Aðalfundur Eirar var haldinn á Borgum og mættu 11 manns. Boðið var upp á drykki og snakk, fyrir viðstadda. Þeir sem mættu voru ánægðir með vel heppnaðann aðalfund. Gerðar voru tvennar samþykktabreytingar og kosin var ný stjórn sem tekur við eftir aðalfund SHA 21. mars.

Ráðstefnur og samstarf við félög

Forseti Eirar fékk boð um að halda ræðu á aðalfundi FÍh í tilefni af alþjóðadegi hjúkrunarfræðing 12. maí 2023. Þar flutti hún ræðu um mikilvægi þess að rödd nemenda fái að heyrast og sérstaklega þeirra sem ekki hafa búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Þá sat forseti Eirar reglulega samstarfsfundi með formanni Curator og tengilið stúdenta hjá FÍh, það samstarf hefur gefið nemendum sterka rödd bæði innan sem utan Íslands á vettvangi hjúkrunar. Einnig sat hún í ráði ENSA (The European Early Career Nurses and Nursing Students' Association) fyrir hönd hjúkrunarfræðinema á Íslandi. 11. mars næstkomandi mun forseti Eirar halda á fund Norðurlandaráðs hjúkrunarfræðinga í Ósló ásamt formanni Curator og starfsfólki FÍh. Þá hefur forseti einnig fengið boð á málþing um framtíð hjúkrunarmenntunar á Íslandi sem haldin er af HA, HÍ og FÍh í Reykjavík 21. mars næstkomandi. Fráfarandi stjórn vonar að þessu samstarfi verði haldið við og það styrkt enn frekar.

Vísindaferðir

Eir hefur reynt að segja já við öllum þeim vísindaferðum sem boðist hafa á starfsárinu. Fyrirtæki voru dugleg að hafa samband og var það okkar ákvörðun að dreifa þeim eins vel og hægt væri þannig að sem flestir hefðu tækifæri til þess að fara í einhverjar ferðir. Fólk hefur

verið ánægt með vísindaferðirnar og er þakklátt fyrir það að fá kynningar á hinum ýmsu vinnustöðum.

Samantekt á starfsárinu

Þegar lítið er til baka á starfsárið er óhætt að segja að það hafi verið nóg um að vera hjá félaginu. Stjórnin lagði upp með að halda a.m.k. einn lotu hitting á önn fyrir hvern árgang og tókst það með ágætum á haustönn. Á vorönn var það erfiðara þar sem að þá hefði þurft að halda lotu hitting í hverri einustu viku frá áramótum fram að árshátíð. Þess vegna var ákveðið að halda einungis hittinga þegar ekkert annað var í gangi sömu viku. Stjórnin settist niður í byrjun hvernar annar og raðaði niður lotu hittingum, einnig fengum við aðgang að stundatöflum nemenda til þess að sjá hvaða vikudagur hentaði best fyrir hitting miðað við stundatöflur. Það sem stendur helst upp úr eftir starfsárið er sprellmótið, stóra vísó og árshátíðin. Eirlingar voru virkilega duglegir að mæta á þessa viðburði og fór skráning á árshátíðina fram úr öllum okkar björtustu vonum. Fráfarandi stjórn þakkar kærlega fyrir starfsárið.

*Fyrir hönd stjórnar Eirar,
Erla Salome Ólafsdóttir
Forseti Eirar 2023-2024*

Ársskýrsla Kumpána

Ársskýrsla Kumpána 2024

Stjórn Kumpána 2023-2024:

Formaður: Rakel Rún Sigurðardóttir

Varaformaður: Ragnhildur Sól Guðmundsdóttir


Fjármálastjóri: Sigríður Láretta Þorgilsdóttir

Ritari: Karla Anna Karlsdóttir

Nýnemafulltrúi sálfræðinema: Hrafnhildur Karen
Hauksdóttir

Nýnemafulltrúi félagsvísindanema: Jóhanna Lilja Eyðisardóttir

Nýnemafulltrúi lögreglufræðinema: Ólafur Þór Unnarsson



KUMPÁNI

Fulltrúar í fastanefndum SHA

Fulltrúi í viðburðarnefnd: Ragnhildur Sól Guðmundsdóttir

Fulltrúi í kynninganefnd: Sigríður Láretta Þorgilsdóttir

Fulltrúi í alþjóðanefnd: Emilía Björt Pálmarsdóttir

Aðalfundur Kumpána 2023

Ný stjórn Kumpána var kjörin á aðalfundi sem haldinn var á Teams þann 15. mars 2023.

Fyrir fundinn hafði Rakel Rún boðið sig fram til formanns, Ragnhildur Sól til varaformanns, Sigríður Láretta til fjármálastjóra og Karla Anna til ritara. Þar sem engin önnur framboð bárust voru þær allar sjálfkjörnar.

Á aðalfundinum var kallað eftir framboðum í fastanefndir og bauð þá Emilía Björt sig fram sem fulltrúi Kumpána í alþjóðanefnd og Sigríður Láretta sem fulltrúi í kynningarnefnd. Þær voru sjálfkjörnar. Eftir aðalfund tilnefndi stjórn Ragnhildi Sól sem fulltrúa í viðburðanefnd.

Hagsmunamál

Rakel Rún, formaður Kumpána, hefur verið fulltrúi stúdenta á fundum Félagsvísindadeildar og setið í matsnefnd Félagsvísindadeildar. Einnig hefur Rakel verið fulltrúi stúdenta á fundum Hug- og félagsvísindasviðs, ásamt fulltrúa úr lagadeild. Sigríður Láretta, fjármálastjóri, hefur setið fundi Sálfræðideildar og fundi stjórnar Hug- og félagsvísindasviðs. Hafdís Haraldsdóttir hefur setið í matsnefnd Sálfræðideildar.

Á starfsárinu sem er að líða hafa ýmis stór mál komið upp, svo sem nýtt reiknilíkan um fjármögnun háskólanna og viðræður um sameiningu Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst. Því hefur það sjaldan verið mikilvægara að hafa virka fulltrúa stúdenta innan stjórnsýslu Háskólans. Í þessum málum, sem og öðrum, hafa fulltrúar Kumpána reynt sitt besta til að láta rödd stúdenta heyrast.

Kynningarstarf

Sigríður Láretta var fulltrúi Kumpána í Kynninganefnd á starfsárinu. Silja Rún Friðriksdóttir, félagi í Kumpána, var svo formaður Kynninganefndar.

Opnir dagar

Opnir dagar voru haldnir í HA 26. og 27. október. Dagarnir gengu mjög vel, frábær hópur stúdenta stóðu vaktina og kynntu sínar námsleiðir og fullt af áhugasömum framhaldskólanemum mættu og spurðu fólk út úr.

Við þökkum þeim stúdentum sem tóku þátt með okkur, Rakel Rún sem kynnti nútímafræði, Sigríði Lárettu, Leon Daða og Hrafnhildi Karen á sálfræðibásnum, Guðrúnu Ósk, Dagbjörtu og Töniu Mihaelu sem stóðu vaktina á félagsvísinda- og fjölmiðlafræðibásunum og þeim Ragnhildi Sól, Körlu Önnu og Emilíu Björt sem buðu framhaldsskólanemum í gönguferðir um skólasvæðið.

Háskóladagurinn

Háskóladagurinn var haldinn 2. mars í Reykjavík og þann 8. mars hér á Akureyri. Námsleiðir innan Kumpána voru ýmist kynntar af stúdentum sem búa á höfuðborgarsvæðinu eða starfsfólki sviðsins þann 2. mars og gekk allt eins og í sögu.

Þann 8. mars kynntu stúdentar sínar námsleiðir í HA og stóðu sig með þryði. Emilía Björt og Leon Daði kynntu sálfræði, Rakel Rún kynnti nútímafræði, Guðrún Ósk sá um félagsvísindin, Stefán Haukur, Embla Dögg og Kolbrún Birna Jökulrós stóðu vaktina fyrir lögreglufræðina og Ásrún Telma og Halldóra Margrét kynntu fjölmiðlafræði. Kunnum við þeim öllum bestu þakkir fyrir.

Skemmtanamál

Nýnemakvöld

Starfsár nýrrar stjórnar hófst með trompi þann 23. ágúst með stærsta viðburði Kumpána í manna minnum þegar u.þ.b. 120 nýnemar mættu á nýnemakvöld á Götubarnum. Fyrir um

daginn hafði stjórnin tekið á móti nýnemum í HA og kynnt starfið fyrir stúdentum í Sálfræði- og Félagsvísindadeild. Um kvöldið bauð stjórnin svo upp á Kumpána-bingó með fjölda vinninga frá fyrirtækjum. Bingóið heppnaðist vel og sýndu nýnemar mikið keppnisskap. Fjöldi stúdenta sem mættu fór fram úr öllum vonum svo 100 drykkir kláruðust hratt og Götubarinn var varla nógu stór fyrir mannskapinn.

Sprellmót

Næsti stóri viðburður var Sprellmót SHA. Mánudagskvöldið 18. september var stúdentum boðið á Peppfund. Þar var farið yfir reglur Sprellmótsins, þema ársins (bændur og búalið) og fólki raðað í keppnir. Alls 43 stúdentar mættu og fengu pítsu frá Domino's.

Í vikunni fyrir Sprellmótið vann svo stjórnin hörðum höndum að því að múta dómurum. Raker reddaði eggjabökkum sem dómarar tóku við, furðu lostnir, á mánudeginum. Á miðvikudegi fengu svo dómarar fulla poka af nammi í boði Sigríðar. Á Sprellmótinu sjálfu fengu dómarar svo pakka með nammi og veglegum gjafabréfum, drykki og glæsilegar heimabakaðar bollakökur (takk Sigríður) með andlitsmynd af þeim sjálfum. Að lokum var hver dómari leystur út með frumsömdu ljóði og glæsilegri teikningu eftir Hrafnhildi Karen.

Á Sprellmótsdaginn mættu 67 félagar Kumpána í fyrirpartý á Götubarnum og marseruðu svo niður göngugötuna með fána og sveitatónlist til að taka þátt í keppnum. Dagurinn heppnaðist ákaflega vel og var hegðun og umgengni Kumpána til fyrirmyndar. Síðasta keppni kvöldsins var hæfileikakeppni þar sem Silja Rún og Guðrún Ósk stigu á svið. Kumpáni endaði svo í þriðja sæti og getum við öll verið stolt af þeim árangri, en Kumpáni hefur ekki komist á pall undanfarin ár.

Stóra-Vísó

Í janúar tóku 43 meðlimir Kumpána þátt í Stóru-Vísó. Vegna veðurs mætti rútan frá Akureyri ekki til Reykjavíkur fyrr en 5 tímum á eftir áætlun svo Kumpánar misstu af tækifærinu til að heimsækja Hvíta húsið og Sendinefnd ESB. Aðrar vísindaferðir Kumpána heppnuðust þó ljómandi vel og var virkilega áhugavert og skemmtilegt að heimsækja Þjóðleikhúsið, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Ungt jafnaðarfólk og Neyðarlínuna. Tóku allir vel á móti okkur með mat og drykk og Kumpánar voru heilt yfir ánægðir með ferðina.

Árshátíð

Alls 39 Kumpánar mættu á Árshátíð SHA þann 24. febrúar. Ákveðið var að halda ekki fyrirpartý vegna lítils áhuga. Þeir Haraldur Örn Haraldsson, Kristófer Páll Sigurðsson og Orri

Már Arnarson sáum árshátíðaratriði Kumpána annað árið í röð og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir. Þeir mættu fyrstir á svið með frumsamið lag og texta við mikinn fögnuð viðstaddra. Árshátíðin heppnaðist mjög vel í alla staði og félagar Kumpána skemmtu sér vel.

Lotuhittingar

Alls voru haldnir sex lotuhittingar á skólaárinu sem er að líða. Á haustönn var fyrsta árs nemum hvorrar deildar fyrir sig boðið á sérstaka lotuhittinga til að hrista hópinn saman. Boðið var upp á pítsur og drykki og keppt í pubquiz. Á fimmtudegi í lotuviku félagsvísindanema var svo nemendum af öllum árum boðið á sameiginlegan lotuhitting Kumpána og Þemis á Vamos. Boðið var upp á drykki og dansað fram á nótt. Á fimmtudeginum í lotuviku sálfræðinema var nemendum svo boðið á Ölstofuna í drykki og karaoke. Virkilega góð mæting var á báða lotuhittinga félagsvísindadeildar en slakari mæting var hjá sálfræðideild.

Á vorönn voru haldnir tveir lotuhittingar, einn fyrir hvora deild. Boðið var upp á drykki á Götubarnum þar sem nemendur skemmtu sér saman. Þangað var vel mætt og heppnuðust hittingarnir vel.

Heimavinnuhittingar

Á skólaárinu sem er að líða var ákveðið að halda kósý heimavinnuhittinga á öðrum þriðjudegi hvers mánaðar. Bauð þá stjórn upp á nasl og gos og nemendur gátu hist og lært saman og fengið stuðning og félagsskap frá öðrum nemendum. Almennt mættu u.þ.b. 10 manns á hvern hitting, en fleiri mættu þó á síðasta hitting haustannar þegar boðið var upp á pítsu og áfengi. Þó að mætingin hefði getað verið betri var stemningin góð og mælir stjórnin með því að halda þessari hefð áfram.

Spilakvöld

Síðasti stærri viðburður fráfarandi stjórnar var spilakvöld sem haldið var á Borgum þann 5. mars. Boðið var upp á gos, áfengi og pítsu frá Domino's. Þangað mættu 19 manns, spiluðu borðspil sem stjórn skaffaði og skemmtu sér fram eftir kvöldi. Á spilakvöldinu myndaðist virkilega notaleg stemning og var þetta góður endir á starfsári stjórnarinnar.

Samstarf

Á vordögum gerði stjórn Kumpána samstarfssamning við Domino's Pizza á Íslandi. Sá samningur hefur reynst félögum Kumpána vel þar sem Kumpáni hefur getað boðið upp á pítsu á mörgum viðburðum.

Fjöldi fyrirtækja, flest á Eyjafjarðarsvæðinu, lagði svo Kumpána lið og gaf vinninga fyrir Kumpána-bingó sem haldið var á nýnemakvöldi og gjafabréf sem notuð voru í mútur á Sprellmóti. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Að lokum má nefna gott samstarf á milli aðildarfélaga innan Hug- og félagsvísindasviðs á starfsárinu. Félögin héldu sameiginlega viðburði og fóru saman í vísindaferð í Stóru-Vísó, auk þess sem formennirnir voru í virku samstarfi allt starfsárið.

Stjórn Kumpána 2023-2024

Ársskýrsla Magister

Ársskýrsla Magister 2023-2024

Stjórn Magister 2023-2024:

Forseti: Bryndís Eva Stefánsdóttir

Varaforseti: Ágúst Már Steinþórsson

Fjármálastjóri: Elín Friðbjarnardóttir

Samskiptafulltrúi: Erna Rún Stefánsdóttir

Fulltrúi nýnema: Kristbjörg M. Aðalsteinssdóttir



Fulltrúar í fastanefndum SHA:

Fulltrúi í alþjóðanefnd: Berglind Elsa Ronaldsdóttir

Fulltrúi í viðburðanefnd: Inga María Hauksdóttir

Fulltrúi í kynninganefnd: Heiða Rós Björnsdóttir

Aðalfundur Magister 2023

Aðalfundur Magister 2023 var haldinn 16. mars í karaoke herberginu á Ölstofunni, Akureyri. Einnig var aðgengi á fundinn í gegnum Zoom. Dagmar Ólína var fundarstjóri og Berglind Vala Valdimarsdóttir fundarritari. Bryndís Eva Stefánsdóttir var búin að bjóða sig fram sem forseta Magister og var þetta samþykkt á fundinum. Á fundinum var óskað eftir framboðum í embætti varaforseta, fjármálastjórna og samskiptafulltrúa. Ágúst Már Steinsþórsson bauð sig fram sem varaforseta og Elín Friðbjarnardóttur sem Fjármálastjóra og var það samþykkt á fundinum. Dagmar Ólína fór yfir ársskýrsluna og ársreikninginn og voru allir reikningar samþykktir. Breytingartillögur á samþykktum voru allar samþykktar á sjálfum aðalfundinum. Inga María Hauksdóttir bauð sig fram sem fulltrúa Magister í viðburðanefnd, Berglind Elsa Ronaldsdóttir bauð sig fram sem fulltrúa Magister í alþjóðanefnd en ekki kom framboð í fulltrúa Magister í kynninganefnd. Ekki kom framboð í stöðu samskiptafulltrúa. Eftir fundin bauðst Erna Rún Stefánsdóttir til að taka að sér stöðu samskiptafulltrúa og Heiða Rós Björnsdóttir tók að sér stöðu fulltrúa Magister í kynningarnefnd.

Hagsmunamál

Forseti Magister, Bryndís Eva Stefánsdóttir hefur verið fulltrúi stúdenta á deildarfundum kennaradeildar á þessu starfsári. Sólveig Birna Elísabetardóttir sat einn fund í hennar stað. Á þessum fundum hefur forseti verið rödd stúdenta og gætt hagsmuna þeirra eftir bestu getu. Bryndís Eva var einnig fulltrúi stúdenta í námsnefnd kennaradeildar. Ástþór jón Ragnheiðarson var fulltrúi stúdenta í matsnefnd kennaradeildar fyrri önn starfsársins en Erna Rún Stefánsdóttir tók við af honum seinna önnina. Kennaradeild fagnaði þrjátíu ára afmæli þann 18. október 2023 þar sem Sólveig Birna hélt erindi. Erindið fjallaði um tengslamyndun og mikilvægi þess að bjóða upp á eftirsóknarverðar lotur þar sem eitthvað er gert sem ekki er hægt að framkvæma í skýjunum.

Skemmtanamál

Félagið hélt samtals 5 lotuhittinga fyrir meðlimi félagsins. Haldnir voru 2 lotuhittingar fyrir stúdenta á 1. ári í grunnnámi, 2 sameiginlegir lotuhittingar fyrir stúdenta á 2. og 3. ári í grunnnámi og 1 sameiginlegir lotuhittingur fyrir 1. og 2. ár í framhaldsnáminu. Félagið tók þátt í hinum helstu viðburðum hjá SHA eins og Nýnemadögum, Sprellmóti, Halloween-balli, Prófloka, Stóra Vísó og árshátíð.

Lotuhittingar starfsárið 2023-2024

Á haustmisserinu var ákveðið að halda lotuhittinga fyrir öll árin; 1 hittingur fyrir 1. árs stúdenta, 1 sameiginlegur hittingur fyrir 2. og 3. árs stúdenta og 1 lotuhittingur fyrir stúdenta í framhaldsnámi. Allir grunnemar fengu því lotuhitting með sínu ári, ýmist á Vamos, eða á borgum þar sem Magister bauð upp á fljótandi veigar. Góð mæting var á alla hittinga hjá grunnáminu. Einnig var haldin lotuhittingur (nýnemahittingur) á borgum fyrir framhaldsnema þar sem félagið bauð upp á fljótandi veigar og þar var góð mæting. Á vormisserinu fengu aftur öll námsár grunnáms kennaradeildar einn lotuhitting hvert. Haldin var lotuhittingur fyrir 1. árs stúdenta en hann var haldin á Borgum þar sem Magister bauð upp á fljótandi veigar og snakk. Þar var spilað og haldið pubquiz. Þar var mjög góð mæting. Aftur var haldin sameiginlegur lotuhittingur fyrir stúdenta á 2. og 3. ári í grunnnámi og var farið í vísindaferð í sjávarútvegsmiðstöðina.

Nýnemadagar og nýnemakvöld

Nýnemadagurinn, 25. ágúst 2023 gekk mjög vel. Magister var með kynningu ásamt stjórnendum kennaradeildar fyrir nýnema þar sem þeir fengu kynningu á starfsemi félagsins, viðburðum skólaársins og þeir hvattir til þess að skrá sig í félagið. Einnig var búið að gera lokaðan Facebook-hóp fyrir 1. árs stúdenta og fengu allir nemarnir upplýsingar um hann í kynningunni. Í hádeginu stóðu stjórnarmeðlimir nemendafélaga hug- og félagsvísindasviðs vaktina og grilluðu hamborgara fyrir svanga nýnema. Um kvöldið var nýnemakvöld Magister haldið á Vamos þar sem um 20 manns mættu. Þar keypti Magister bjórkút og bauð því upp á fljótandi veigar. Þarna áttu nýnemar gott kvöld þar sem þeir fengu tækifæri til að kynnast hver öðrum og spjalla saman. Einnig stóð Magister að pubquizi á kvöldinu og fengu vinningshafar Magister peysur í vinning.

Nýnemakvöld framhaldsnema í Magister var haldið í fyrstu lotu framhaldsnema og var það haldið á borgum. Þar var Magister með drykki í boði. Það var mjög góð mæting á kvöldið og gaman fyrir nemendur að fá tækifæri til þess að hittast á léttu nótunum, kynnast og spjalla saman.

Sprellmót SHA

Sprellmót SHA var haldið þann 22. september 2023. Búið var til lokaðan Facebook hóp fyrir þátttakendur sprellmótsins á vegum Magister og alls var góð mæting. Undirbúningurinn fyrir mótið gekk vel. Stórt hlutfall þátttakenda Magister á mótinu var á fyrsta og öðru ári í grunnáminu. Haldin var kosning og varð Iceguys fyrir valinu sem búningaþema félagsins. Magister hélt peppfund á Ölstofunni viku fyrir mót. Á þessum fundi var mannað í þrautirnar sem aðildarfélögin keppast um í. Fólk var mjög viljugt í að bjóða sig fram til þátttöku.

Stjórnin ásamt öðrum úr félaginu höfðu samband við ýmis fyrirtæki alls staðar á landinu og fengu allskonar gjafabréf og gjafir til að gefa dómurum mótsins sem mútur. Hæfileikaatriðið hjá Magister þetta árið var dansatriði við lagið krumla með Iceguys sem sirka 14 manns tóku þátt í. Magister endaði svo á því að vinna sprellmótið þriðja árið í röð!! Haft var orð á því að Magister var í ótrúlega flottum búningum og einnig hvað samheldni skein í gegn hjá félaginu.

Halloween-ball SHA

Halloween partý SHA var haldið 2. nóvember. Stjórn Magister auglýsti partýið vel fyrir meðlimum Magister. Í partýið mættu nokkrir á vegum félagsins en þar sem að lítið hlutfall af félagsmönnum eru búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu voru margir sem ekki gátu mætt. Þessi viðburður heppnaðist vel og var góður vettvangur fyrir fólk að kynnst stúdentum úr öðrum aðildarfélögum.

Próflokapartý SHA

SHA stóð fyrir tveimur partýum til að fagna próflokum við lok hvers misseris. Stjórn Magister auglýsti þessi partý vel hjá öllum hópum og mættu nokkrir á vegum félagsins á þessa viðburði. Þess má geta að lítið hlutfall af félagsmönnum eru búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu og því alls ekki allir sem gera sér ferð til Akureyrar til þess að fagna próflokum. Þessir viðburður voru þó vel heppnaðir og gaman fyrir fólk að kynnst fleiri stúdentum frá öðrum aðildarfélögum.

Stóra Vísó 2024

Stóra Vísó fór fram dagana 25. janúar til 28. janúar í Reykjavík. Það voru 15 meðlimir frá magister sem mættu. Fyrirtækin sem Magister heimsótti voru Kennarasamband Íslands, Waldorfskólinn og sameiginleg ferð í samfylkinguna með kumpána og þemis. Því miður

komumst við ekki í heimsókn til umboðsmanns barna vegna þess að við vorum veðurteppt. Auk þess þá fórum við í sameiginlegar ferðir með SHA í CCEP, Vinstri græna, Orkusöluna, Minigarðinn, Uppreisn, Blush og pizzu hlaðborð á kex hostel. Heimsóknirnar voru mjög skemmtilegar og áhugaverðar. Við í stjórn Magister vorum mjög ánægð með hversu vel Stóra Vísó tókst þrátt fyrir veður.

Framtíðardagar SHA

Framtíðardagar fóru fram 29. febrúar 2024. Tanja Ýr kom í HA og hélt kynningu um þau tækifæri sem leynast á samfélagsmiðlum. Góð mæting var á kynninguna.

Árshátíð 2024

Árshátíð 2024 var haldin hátíðleg þann 24. febrúar. SHA hélt skráningu fyrir árshátíðina sem var ekki hlutfallsleg, þ.e. aðildarfélögin fengu ekki x marga miða miðað við fjölda skráðra meðlima. Þannig fyrstir komu fyrstir fengu miða. Þemað var Mask querade. Árshátíðin byrjaði kl 18:00. Byrjað var á því að bjóða upp á fordrykk og einnig var í gangi myndabox sem fólk gat nýtt sér þar sem það var ekki skipulögð myndataka aðildafélagana í ár. Það var virkilega góð mæting hjá Magister á árshátíðina og vorum við 25 manns frá magister sem mættum á árshátíðina sem er frábært. Borðað var mjög góðan mat sem Matur og mörk sá um. Veislustjórar kvöldsins voru Auðunn Blöndal og Steindi jr og skemmtu þeir lýðnum konunglega! Öll aðildarfélögin voru með atriði og voru það Bryndís og Dagmar, sem sungu endursaminn texta við lagið “hvert ertu að fara”. Atriðin hjá hinum aðildarfélögnum voru einnig mjög flott og vel heppnuð. Að lokinni dagskrá var haldið ball þar sem hljómsveitin Stuðlabandið ásamt Magna Ásgeirssyni og Ágústi spilaði undir dansi og var þetta mjög heppnað kvöld sem gekk mjög vel fyrir sig.

Samstörf

Samstarf aðildarfélaga á Hug- og félagsvísindasviði

Magister, Kumpáni og Þemis skipulögðu saman vísindaferð í samfylkinguna á Stóra Vísó 2024 og heppnaðist það vel og var mjög gaman

Eftir þetta starfsár teljum við að gott samstarf hafi verið á milli allra aðildarfélaga innan SHA, þar sem við höfum sótt stuðning hjá hvert öðru, leitað ráða og spjallað saman um málefni líðandi stundar sem varðar stúdenta, setið saman á stúdentaráðsfundum o.s.frv. Við vonumst til þess að komandi stjórn haldi þessu góða samstarfi áfram.

Samstarf við Kennarasambandið (KÍ)

Mestu samskiptin við KÍ var milli Jónínu og Berglindar Völu Valdimarsdóttur en Berglind fór fyrir hönd kennaranema við HA á nemendamálþing NLS í Svíþjóð ásamt fulltrúa frá Kennó. Á málþinginu voru kennaranemar frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Færeyjum og Grænlandi. Eftir málþingið skrifaði Berglind skýrslu um það sem fór fram á málþinginu. Þegar Stóra Vísó var haldið fengum við í Magister það tækifæri að heimsækja KÍ. Þar fengum við að kynna starfsemi þeirra og var það mikilvægt fyrir okkur verðandi kennaranema.

Samstarf við Kennó

Samstarfið við Kennó hefur verið mjög lítið á þessu ári og það mætti styrkja sambandið betur. Við buðum þeim að koma með okkur í Vísindaferð til KÍ sem þau þáðu en það var frekar dræg mæting að þeirra hálfu. Var það mögulega vegna þess að tímasetning hentaði illa fyrir vinnandi fólk en vonandi mun það takast betur næst.

Kynningarstarf

Heiða Rós Björnsdóttir hefur verið fulltrúi Magister í kynningarnefnd á starfsárinu. Heilt yfir hefur samstarf kynningarnefndar gengið vel og hefur verið mikill áhugi hjá Magister meðlimum að taka þátt í viðburðum sem að snúa að því að kynna það sem að skólinn hefur uppá að bjóða. Það hefur aldrei verið vandamál að fá fulltrúa úr náminu til þess að koma og vera á vöktum á viðburðum og fær Miðstöð skólaþróunar einnig mikið þakklæti fyrir það að vera ávallt tilbúin til þess að lána okkur ýmis tæki og tól sem við þurfum til þess að kynna kennaranámið og skólann okkar.

Opnir dagar:

